



Þekkingarsetur  
Þingeyinga

# VINABÆJASAMSTARF ÞINGEYSKRA SVEITARFÉLAGA ÁVINNINGUR OG ANNMARKAR

ÁGÚST 2009



Ágúst 2009

Þekkingarsetur Þingeyinga

*Forsíðumyndir:*

Róbert Hlynur Baldursson

Setning sænskra daga á Húsavík árin 2006 og 2007

*Ábyrgð:*

Þekkingarsetur Þingeyinga

Óli Halldórsson

*Ritstjórn:*

Óli Halldórsson

Aðalsteinn J. Halldórsson

*Framkvæmd rannsóknar:*

-Róbert Hlynur Baldursson



|   |           |
|---|-----------|
| <b>1. INNGANGUR .....</b>   | <b>1</b>  |
| <b>2. VINABÆJASAMSTARF ÞINGEYSKRA SVEITARFÉLAGA .....</b>                     | <b>3</b>  |
| 2.1. UPPHAF ALÞJÓÐLEGRA TENGLA HÚSAVÍKUR.....                                 | 4         |
| 2.1.1. <i>Samband Húsavíkur við Riihimäki</i> .....                           | 5         |
| 2.1.2. <i>Samband Húsavíkur við Álaborg</i> .....                             | 5         |
| 2.1.3. <i>Samband Húsavíkur við Karlskoga</i> .....                           | 8         |
| 2.1.4. <i>Samband Húsavíkur við Fredrikstad</i> .....                         | 8         |
| 2.1.5. <i>Tengslin við Godhavn</i> .....                                      | 9         |
| 2.1.6. <i>Tenglin við Eastport</i> .....                                      | 10        |
| 2.1.7. <i>Tengslin við Fuglafjörð</i> .....                                   | 11        |
| 2.2. UMSJÓN OG FRAMKVÆMD SAMSKIPTANNA .....                                   | 11        |
| 2.2.1. <i>Þáttur Norræna félagsins á Húsavík og helstu þátttakendur</i> ..... | 12        |
| 2.3. KOSTNAÐUR.....   | 14        |
| 2.4. STAÐA ANNARRA ÞINGEYSKRA SVEITARFÉLAGA EN NORÐURÞINGS .....              | 15        |
| <b>3. KENNINGAR OG VIÐHORF UM VINABÆJASAMSTARF .....</b>                      | <b>16</b> |
| 3.1. EINKENNI VINABÆJASTARFS .....  | 17        |
| 3.2. HVERS HÁTTAR ERU VINABÆJASAMSKIPTI ÞINGEYSKRA SVEITARFÉLAGA?.....        | 23        |
| 3.3. VIÐHORF KJÖRINNA FULLTRÚA NORÐURÞINGS GAGNVART SAMBANDINU .....          | 25        |
| 3.4. VIÐHORF NORRÆNNA SAMSTARFSADILA NORÐURÞINGS.....                         | 27        |
| 3.5. TVÍHLIÐA SAMBÖND NORÐURÞINGS .....                                       | 34        |
| <b>4. FRAMVINDA VINABÆJASAMSTARFSINS .....</b>                                | <b>36</b> |
| <b>5. NIÐURSTÖÐUR .....</b>   | <b>42</b> |
| <b>6. HEIMILDASKRÁ .....</b>  | <b>44</b> |
| 6.1. MINNISBLÖÐ OG BRÉF SÓTT Í SKJALAGEYMSLU NORÐURÞINGS .....                | 44        |
| 6.2. BÆKUR, GREINAR OG SKÝRSLUR .....   | 45        |

## 1. INNGANGUR

Markmið þessarar skýrslu er að kanna vinabæjasamstarf þingeyskra sveitarfélaga og stöðu þeirra á alþjóðavettvangi. Með vinabæjasamstarfi er vísað til langtímasamskipta milli tveggja eða fleiri samfélaga í mismunandi sveitarfélögum. Flestum þessara sambanda er ætlað að ná fram sameiginlegum markmiðum og ágóða fyrir viðkomandi samfélög. Samfélag má skilgreina sem borgara, svæðisbundna stjórn, skóla eða aðrar stofnanir, samtök eða aðra hópa sem ná yfir undirgreinar þjóðfélaga en ekki ríkið sjálft. Mörg þessara sambanda eru staðfest með formlegum samningi. Þrjár mismunandi gerðir af alþjóðasamstarfi milli sveitarfélaga eru til staðar og er í þessari skýrslu miðað við eina þeirra, svokallað systraborgafyrirkomuluag eða vinabæi. Þetta samkomulag nær yfirleitt til alls samfélagsins, allt frá yfirstjórn sveitarfélagsins til félagasamtaka, viðskiptaaðila og tengdra stofnana. Sveitarfélagið spilar samt sem áður lykilhlutverk í upplýsingamiðlun og að viðhalda tengslunum, sem miðast að samstarfsverkefnum frá menningarmiðlun og vinskapað efnahagsþróun og viðskiptum. Með öðrum orðum, í skýrslunni er samband sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum við sveitarfélög í öðrum ríkjum kannað. Lagt er mat á hver grundvöllur samstarfs þeirra er, hvort ávinningur sé af því og loks lagðar fram tillögur til úrbóta á samböndunum.

Í þessari rannsókn er notast við fjölþættar aðferðir og gagnaöflun. Stór hluti gagnanna er sóttur í skjalageymslu Norðurþings, þar sem farið var yfir flest bréf og samninga sem tengjast vinabæjastarfinu og hafa verið flokkuð sérstaklega. Þá voru sendir spurningalistar á forsvarsmenn alþjóðamála hjá öllum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu auk vinabæja Norðurþings, sem hefur eitt þingeyskra sveitarfélaga gert slíka samninga. Loks var rætt við fjölda aðila sem tengjast starfseminni á einn eða annan hátt til að afla þeirra upplýsinga sem upp á vantaði eða þóttu óljósar. Þá var einnig sendur spurningalisti á alla fyrrverandi fulltrúa í bæjarstjórn Húsavíkurbæjar og núverandi sveitarstjórnarfulltrúa Norðurþings til að greina þeirra afstöðu gagnvart samstarfinu. Við gerð spurningalistanna var miðað við fjölda rannsókna á alþjóðlegu samstarfi sveitarfélaga.

Skýrslunni er skipt niður í þrjá megin hluta. Fyrst er farið ítarlega yfir sögu samstarfsins og framkvæmd þess allt frá upphafi. Annar hluti segir frá helstu kenningum og einkennum vinabæjasamstarfs og hvernig viðhorf

Þátttakenda rannsóknarinnar samræmast þeim. Loks eru dregnir saman helstu gallar og kostir samstarfsins og hvað framtíð þess beri í skauti sér.

## 2. VINABÆJASAMSTARF ÞINGEYSKRA SVEITARFÉLAGA

Norðurþing hefur eitt þingeyskra sveitarfélaga gert samninga við erlend sveitarfélög um vinabæjasamstarf. Nú til dags hefur Norðurþing sjö slíka samninga. Þar af mega fimm þeirra teljast virkir. Sex þessara samninga eru við sveitarfélög á Norðurlöndum, við Fredrikstad í Noregi, Karlskoga í Svíþjóð, Riihimäki í Finnlandi, Álaborg í Danmörk, Fuglafjörð í Færeyjum, Qeqertarsuaq á Grænlandi (eða Godhavn eins og framvegis verður vísað til í þessari skýrslu) og einn við Eastport í Maine fylki í Bandaríkjunum.

### *Vinabæir Norðurþings*

| Bær          | Land       | Upphaf tengsla við Húsavík | Íbúafjöldi | Fjöldi vinabæja |
|--------------|------------|----------------------------|------------|-----------------|
| Riihimäki    | Finnland   | 1966                       | 28.000     | 11              |
| Álaborg      | Danmörk    | 1969                       | 190.000    | 32              |
| Karlskoga    | Svíþjóð    | 1969?                      | 30.000     | 9               |
| Fredrikstad  | Noregur    | 1977                       | 72.000     | 9               |
| Godhavn      | Grænland   | 1983                       | 900-1.000  | 1               |
| Eastport     | Bandaríkin | 1998                       | 1.600      | 2               |
| Fuglafjörður | Færeyjar   | 2009                       | 1.600      | 3               |

Fyrstu fjögur sveitarfélögin tilheyra svokallaðri vinabæjakeðju, þar sem þau hafa gert samstarfssamninga hvert við annað og eiga gagnkvæm samskipti sín á milli. Samningarnir eru því marghliða að hluta til, þar sem þeir kveða á um gagnkvæmt samband fleiri en tveggja sveitarfélaga, en samskiptin milli þeirra eru samt sem áður tvíhliða, það er milli hvers og eins samstarfsaðila. Samningar Norðurþings við þrjú síðastnefndu sveitarfélögin eru alfarið tvíhliða og eiga aðeins við samband Norðurþings við hvert og eitt sveitarfélag. Við þetta má bæta að ýmsar þreifingar um vinabæjasamstarf hafa átt sér stað hjá Húsavíkurkaupstað, Húsavíkurbæ og Norðurþingi sem ekki hafa gengið eftir, eins og í Bandaríkjunum, Noregi, Frakklandi og Japan, svo eitthvað sé nefnt. Margvíslegar ástæður eru fyrir því að ekki varð af því samstarfi. Verður ekki farið nánar ofan í saumana á þeim málum í þessari skýrslu.

## 2.1. Upphaf alþjóðlegra tengsla Húsavíkur

Vinabæjasamskipti Norðurlands eru arfleifð Húsavíkurkaupstaðar, sem sameinaðist Reykjahreppi sem Húsavíkurbær árið 2002 og Keldunes-, Öxarfjarðar- og Raufarhafnarhreppi árið 2006, undir nafninu Norðurland. Því hafa íbúar þessara minni sveitarfélaga í nágrenni Húsavíkur nú aðgang að því vinabæjastarfi sem stofnað var til á tíma Húsavíkurkaupstaðar. Íbúar eystri hluta sveitarfélagsins hafa nú þegar nýtt sér þann möguleika, en í verulega takmörkuðum mæli.

Fyrstu eiginlegu vinabæjasamskipti Húsavíkurkaupstaðar voru við Riihimäki í Finnlandi. Samkvæmt gögnum Riihimäki má rekja samband sveitarfélaganna aftur til ársins 1966 (Riihimäen kaupunki, e.d.). Hinsvegar er ekki að finna neinn samning milli sveitarfélaganna í skjalageymslu Norðurlands og verður samkomulagið að teljast hafa verið óformlegt í upphafi. Nýlegasta vinabæjasamkomulag Norðurlands er við Fuglafjörð í Færeyjum og var undirritað sumarið 2009.

Á vinabæjamóti á Húsavík árið 1997 samþykktu forsvarsmenn sveitarfélaganna Álborgar, Fredrikstad, Karlskoga, Riihimäki og Húsavíkur ályktun um gagnkvæmt vinabæjasamstarf þeirra á milli. Í samningnum segir að markmið samstarfsins sé að færa íbúa Norðurlands nær hverjum öðrum. Samstarfið styrki norræna sjálfsmýnd sem þátt í alþjóðlegu samstarfi og geri þátttakendum kleift til að takast á við ný viðfangsefni (Aalborg Kommune, Fredrikstad Kommune, Karlskoga Kommune, Riihimäki Kommune og Húsavík Kommune, 1997). Ekki er að finna samning sem þennan um samband milli sveitarfélaganna fyrir þann tíma og verður því sambandið milli þeirra að hafa talist vera óformlegt fram að staðfestingu vinabæjasambandsins árið 1997 þrátt fyrir að fyrir lægju samþykktir bæjarstjórnar um samstarfsvilja.

Samningurinn er nokkuð dæmigerður fyrir áherslur þess samstarfs sem varð almennt milli norrænna sveitarfélaga eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Hann kvað á um samstarf í menningarmálum og listgreinum, í unglinga- og íþróttastarfi, að hvatt yrði til samstarfs og samskipta milli félagasamtaka, skóla og annarra stofnana, að skapaður yrði grundvöllur fyrir vinskap fjölskyldna og einstaklinga milli ríkja, að fulltrúar sveitarfélaganna deildu þekkingu og reynslu í sveitarstjórnarmálum og að stutt yrði við gagnkvæm samskipti og tengsl milli viðskiptaaðila sveitarfélaganna (Aalborg Kommune o.fl., 1997). Þessi sami samningur var nánast heimfærður upp á samband Húsavíkurkaupstaðar við Godhavn,

Þótt síðarnefnda sveitarfélagið væri ekki hluti af norrænu vinabæjakeðjunni (Mølgaard og Einar Njálsson, 1998). Í samningnum við Eastport er svo lögð áhersla á að viðkomandi samfélög öðlist aukinn skilning á menningu annarra heimshluta. Því sé nauðsynlegt að vekja máls á sameiginlegum hagsmunum með skiptum fólks, hugmynda og menningar. Í samningnum er hvatt til samstarfs í menntakerfinu með nemendaskiptum, að samstarfsaðilarnir öðlist aukinn skilning á stjórnkerfi hvors annars og skipst verði á þekkingu í tæknimálum. Þessum tengslum var jafnframt ætlað að styðja við tækifæri til viðskipta (Lehigh, Finch, Newman og Friðrik Sigurðsson, 1998).

#### *2.1.1. Samband Húsavíkur við Riihimäki*

Tengsl Húsavíkur við Riihimäki má rekja allt aftur til fyrri hluta sjöunda áratugar síðustu aldar. Um miðjan áratuginn fékk Húsavík boð á viðburði og heillaóskir frá Riihimäki og má þá segja að eins konar vinabæjatengsl hafi verið komið á laggirnar. Samkvæmt gögnum Riihimäki var samningur milli sveitarfélaganna gerður árið 1966, sem fyrr segir þótt ekki sé að finna gögn um slíkan samning í skjalageymslu Norðurlþings. Ef ræður og samantektir Björns Friðfinnssonar og Hauks Harðarsonar, bæjarstjóra, um vinabæjasamstarf Húsavíkurkaupstaðar eru skoðaðar má skilja sem svo að Álalorg hafi verið fyrsti vinabær bæjarins eftir að samningur milli sveitarfélaganna var undirritaður árið 1969. Þar var jafnframt vilýrði gefið fyrir því að ganga til samstarfs við þau norrænu sveitarfélög sem voru hluti af vinabæjakeðju Álalorgar, þar á meðal Riihimäki (Björn Friðfinnsson, 1969c; Haukur Harðarson, 1975a). Þetta getur aftur á móti ekki staðist þar sem árið 1968 fékk Húsavík þá þegar jólakveðju frá Riihimäki, sem einn af vinabæjum þess síðarnefnda. Auk þess fékk Húsavík boð um að taka þátt á vinabæjaráðstefnu fyrir unglunga í Riihimäki fyrir á sama ári (Stadsstyrelsen i Riihimäki, 1968). Þrátt fyrir þetta var samstarfið milli bæjanna tveggja verulega óformlegt og sundurlaust fyrstu árin.

#### *2.1.2. Samband Húsavíkur við Álalorg*

Frumkvæði að vinabæjasamstarfi Húsavíkur við Álalorg, Karlskoga og Fredrikstad kom upprunalega frá Norræna félaginu í Álalorg og Nörresundsby með milligöngu íslenska utanríkisráðuneytisins og sendiráðs

Íslands í Kaupmannahöfn (Anna Stephensen, 1966). Á fundi bæjarstjórnar Húsavíkur þann 5. mars 1969 var samþykkt tillaga um að ganga í vinabæjasamstarf við Álaborg og að koma á formlegu vinabæjasambandi við Fredrikstad, Karlskoga og Riihimäki þegar tilefni gæfist til. Við sama tilefni var ákveðið að skipa nefnd til að endurvekja Norræna félagið á Húsavík sem þá hefði verið í lægð vegna deilna í stjórn félagsins (Björn Friðfinnsson, 1969a).

Ákvörðun bæjarstjórnar var tekin nokkrum árum eftir að þreifingar hófust milli Álaborgar og Húsavíkur um samstarf, en hafði allt til ársins 1969 ekki verið sýndur áhugi af hálfu Húsavíkur (Einar Pálsson, 1968). Í pakkarbréfi Alfs Schiøtts-Christensen, formanns Norræna félagsins í Álaborg, til Björns Friðfinnssonar, þáverandi bæjarstjóra Húsavíkur, eftir að skrifað var undir samstarfssamninginn, vekur athygli að Alf hafði aldrei heimsótt Húsavík áður en hann bað um að bæirnir hæfu vinabæjasamstarf. Samskipti milli bæjanna tveggja fyrir samningagerðina einskorðuðust við bréfaskriftir. Samstarfsvilja Álaborgar mátti upphaflega rekja til Norræna félagsins í Kaupmannahöfn sem hafði vísað á Húsavík sem vænlegan samstarfskost á Íslandi, en fulltrúar Álaborgar höfðu leitað til félagsins vegna áhuga um samstarf við íslenskt sveitarfélag (Schiøtts-Christensen, 1968). Að beiðni íslenska utanríkisráðuneytisins árið 1966 var svo óskað eftir upplýsingum frá Húsavík um „...íbúafjölda, atvinnugreinar, stofnanir, stutt ágrip af sögu staðarins, ásamt öðru slíku...“ og skiptust sveitarfélögin á upplýsingum um hvert annað (Ólafur Egilsson, 1966). Einungis tveimur mánuðum eftir að bæjarstjórn samþykkti vinabæjarsamstarf við Álaborg, eða í maí 1969, samþykkti bæjarstjórn boð borgarstjórans í Álaborg um að fulltrúar Húsavíkur yrðu viðstaddir vinabæjamót þar í borg og opnun jarðganga undir Limafjörð. Í ferðina fóru Björn Friðfinnsson, ásamt Ingvari Þórarinssyni, bæjarfulltrúa, og Ingimari Hjálmarssyni, lækni (Björn Friðfinnsson, 1969b). Þar með má segja að eiginleg vinabæjasamskipti Húsavíkurkaupstaðar hafi hafist og reglulegar bréfaskriftir milli bæjarstjóra Húsavíkurkaupstaðar og Álaborgar urðu raunin.

Ekki er ljóst af bréfaskiptum embættismanna Húsavíkurkaupstaðar hvað olli því að bæjarstjórn ákvað að ganga í vinabæjasamstarf þvert gegn fyrri stefnu um að ekki þætti hagkvæmt að gera slíka samninga við önnur bæjarfélög á Norðurlöndum. Samkvæmt Birni Friðfinnssyni varð erfitt efnahagsástand í landinu og síldarbrestur líklega til þess að stjórn Húsavíkurkaupstaðar sá ekki hag í því að stofna til vinabæjasambands við

erlend sveitarfélög. Síðar hafi verið horft til jákvæðrar reynslu Siglufjarðar af slíku samstarfi, einkum í tengslum við afmælishátíð bæjarins. Þá hafi ráðamenn séð möguleika í því að ganga inn í þá tengslakeðju sem Álaborg hafði á þeim tíma (Björn Friðfinnsson, munnleg heimild, 23. júní 2009).

Í ræðu sem Björn flutti í Álaborg árið 1969 sagði hann að von hans væri sú að „vinabæjasamstarfið myndi styrkja húsvíska menningu og að nánara samband við Norðurlönd muni gefa borgurum okkar – sérstaklega þeim yngri – víðari lífssýn og mikla lífsfyllingu. Norræn menningarsamheild og norræn samvinna er einnig nokkuð mikilvæg fyrir Íslendinga sem sjálfstæðri þjóð úti á hafi mitt meðal stórþjóða,“ (Björn Friðfinnsson, 1969c, bls. 1). Í kynningunni lagði Björn áherslu á söguleg tengsl bæjarins við aðrar Norðurlandþjóðir, einkum vegna Garðars Svavarssonar sem nam Húsavík upphaflega. Hann lagði einnig áherslu á landfræðilega staðsetningu bæjarstæðisins á norðurhveli jarðar og styrkleika hafnar bæjarins með vísun til útflutnings og fiskveiða. Bæjarfélagið væri mikilvægur kjarni á sínu landsvæði og heimamenn bundu vonir um að byggja upp öfluga ferðaþjónustu þar. „Til framtíðar getum við hugsað okkur göng milli Húsavíkur og Álaborgar ... Fjórar hafnir á Íslandi eru í reglulegum samgöngum við helstu hafnir Evrópu og New York og flest skipin sem þjóna þessum samgöngum eru smíðuð hér í Álaborg. Því gæti verið skynsamlegt að koma á reglulegum samgöngum við Álaborg og það gæti þjónað okkar hagsmunum vel vegna útflutnings og innflutnings. Þannig gætum við séð fram á reglulegar samgöngur milli grænlenkra og íslenskra hafna og hafnarinnar í Álaborg þegar höfuðstöðvar Konunglegu grænlenksku viðskiptastofnunarinnar verða fluttar til Álaborgar. Reglulegar flugsamgöngur eru einnig hugsanlegar, en íslenska flugfélagið Loftleiðir hefur viljað endurskoða flugáætlun okkar og gera hana í stakk búna til að þjóna föstum samgönguleiðum Loftleiða,“ (Björn Friðfinnsson, 1969c, bls. 4).

Árið 1975 tóku Húsvíkingar þátt í sínu fyrsta stóra vinabæjaverkefni þegar ákveðið var að taka þátt á Álaborgarleikunum. Þá var sendur 27 manna hópur íþróttakrakka og tveggja þjálfara, bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar auk eiginkvenna þeirra til Álaborgar. Þáverandi bæjarstjóri var Haukur Harðarson. Keppt var í handbolta stúlkna og drengja og fótbolta drengja. Hópurinn var styrktur til ferðalagsins úr bæjarsjóði og að litlum hluta frá menntamálaráðuneytinu, sem kom til móts við bæjarfélagið eftir að kostnaður fór fram úr áætlunum vegna flugvallarskatts. Haukur lýsti ferðinni á eftirfarandi hátt í minnisblaði 15. desember 1975: „Fyrir húsvísk ungmenni var

ferðin ævintýri sem jók víðsýni þeirra og sýndi þeim styrk þeirra á íþróttasviðinu. Þá sköpuðust sterk vináttubönd milli landa, en unglíngarnir dvöldu flestir á einkaheimilum. Ég mun leggja til við bæjarstjórn Húsavíkur að kappkosta að taka þátt í slíkum leikjum framvegis og tel þeim fjármunum vel varið.“ (Haukur Harðarson, 1975b, bls. 4). Árangur krakkanna á leikunum varð jafnframt til þess að vekja upp spurningar um hvort byggja þyrfti íþróttahús, sem þá var ekki til staðar í bænum, og hafa leikarnir jafnan verið stærsta verkefni sem Húsavík og Norðurþing hafa tekið þátt í vegna vinabæjasamskiptanna.

Af þessu sögðu má sjá hvernig efnahagslegir hagsmunir og söguleg, pólitísk og menningarleg tengsl urðu fyrst og fremst til grundvallar tengslum Húsavíkur við norræn sveitarfélög. Forystumenn í bæjarstjórn virtust sjá ýmis viðskiptatækifæri fólgin í samstarfi við Álaborg auk þess sem borgin hafði þá komið sér upp víðtæku tengslaneti við fjölda annarra erlendra sveitarfélaga, einkum á Norðurlöndum. Eins og nánar er greint frá síðar í skýrslunni hefur framkvæmd samstarfsins verið nokkuð frábrugðin upprunalegri hugsjón, vegna mikillar áherslu á æskulýðs- og íþróttastarf og heimsóknir opinberra fulltrúa.

### 2.1.3. Samband Húsavíkur við Karlskoga

Í ferðinni til Álaborgar árið 1969 var grunnurinn jafnframt lagður að vinabæjasamstarfi Húsavíkurkaupstaðar við Karlskoga, en fulltrúar þess bæjar voru einnig gestir Álaborgar. Í bréfi sem bæjarstjóri Karlskoga sendi Bimi Friðfinnssyni þann 13. júní 1969 þakkar hann Bimi fyrir samveruna. „Ég reikna með því að þú vitir ekki mikið um Karlskoga og því sendi ég þakka með prentuðu efni um bæinn okkar, svo að vinir okkar á Húsavík hafi einhverja hugmynd um staðinn sem er fulltrúi Svíþjóðar í vinabæjakeðju Álaborgar“ (Karlskoga stad kommunalborgmästeren, 1969). Samskipti Húsavíkur við Karlskoga voru stopul fyrstu áratuginna en hafa aukist gífurlega síðasta áratug með tilkomu hátíðarinnar sænskra daga og verkefninu um Garðarshólm.

### 2.1.4. Samband Húsavíkur við Fredrikstad

Þrátt fyrir áður nefnda yfirlýsingu bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar frá árinu 1969 um að ganga inn í vinabæjakeðju Álaborgar lék lengi vel vafi á því

hvort Húsavík væri í samstarfi við Fredrikstad. Í minnisblaði sem Haukur Harðarson sendi Jónasi Eysteinessyni, þáverandi framkvæmdastjóra Norræna félagsins á Íslandi, 11. desember árið 1975 kemur fram leiðrétting á fyrra bréfi hans til Norræna félagsins um vinabæjasambönd Húsavíkurkaupstaðar. „Fredrikstad í Noregi er ekki í neinu vinabæja sambandi samkvæmt lista er fylgdi bréfi Norræna félagsins frá 26. nóv. s.l.. Því fer ég fram á að félagið hafi forgöngu um að slík tengsl komist formlega á milli Húsavíkur og Fredrikstad. Álít ég það sé að skapi forráðamanna Fredrikstad, einungis vanti framkvæmdina,“ (Haukur Harðarson, 1975a, bls. 2). Í sama bréfi kom fram leiðrétting á því að Húsavík væri vinabær Karlskoga en ekki Gautaborgar í Svíþjóð eins og Norræna félagið hafði haldið af gögnum sínum.

Hér varð einföld uppgötvun til þess að gengið var til samstarfs við Fredrikstad, þar sem Haukur sem tók við af Birni eftir árið 1972 og virtist ekki hafa vitneskju um þau samkomulög og sambönd sem Húsavíkurkaupstaður hafði við erlend sveitarfélög. Í byrjun árs 1976 sendi Jónas Eysteinnsson svo fyrirspurn til bæjarstjórnar Fredrikstad um hvort hún hefði áhuga á að stofna til vinabæjasamstarfs við Húsavík. Var sú tillaga samþykkt af bæjarstjórn Fredrikstad 26. maí 1977 (Thøgersen og Hansen, 1977). Í október sama ár þáði svo bæjarstjórn Húsavíkur boð Fredrikstad um að vera viðstödd norræna menningarviku þar og fóru Haukur Harðarson og Jón Ármann Árnason, bæjarfulltrúi, út ásamt eiginkonum sínum (Haukur Harðarson, 1977). Þar með hafði Húsavíkurkaupstaður lokið gerð samkomulaga um samstarf við vinabæi Álaborgar á Norðurlöndum eins og lagt var upp með átta árum áður, þótt enginn formlegur samstarfssamningur lægi til grundvallar. Með sambandi þessara norrænu sveitarfélaga við Fredrikstad varð aftur á móti rof í vinabæjakeðju Álaborgar, þar sem Fredrikstad og Riihimäki höfðu ekki gert samkomulag sín á milli þar sem bæði sveitarfélögin höfðu vinabæi í hvoru landi fyrir sig áður en þau gengu inn í keðjuna. Fredrikstad var vinabær Kotka í Finnlandi en Riihimäki vinabær Skedsmo í Noregi. Ákveðið var að þetta yrði ekki hindrun í samstarfinu og hefur verið óbeint samstarf milli Fredrikstad og Riihimäki vegna þessarar stöðu samt sem áður.

#### 2.1.5. Tengslin við Godhavn

Vinabæjatengingu Húsavíkur við Grænland má rekja til heimsóknar fulltrúa grænlenkra sveitarstjórna til Húsavíkur árið 1981 (Bjarni Aðalgeirsson, 1981). Í kjölfar þeirrar heimsóknar létu fulltrúar ýmissa grænlenkra sveitarfélaga í ljós

áhuga sinn við Samband íslenskra sveitarfélaga um að stofna til vinabæjatengsla við sveitarfélög á Íslandi. Skömmu eftir heimsóknina hófust bréfaskriftir á milli Mikkel Abrahamsen, þáverandi bæjarstjóra Godhavn, og Bjarna Aðalgeirssonar, þáverandi bæjarstjóra Húsavíkur, um hugsanlegt vinabæjasamkomulag. Skiptust þeir á upplýsingum um sveitarfélögin. Bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar samþykkti svo samstarf við Godhavn á fundi sínum 30. júní árið 1983 án þess að fulltrúar bæjarins hefðu farið út til Grænlands (Bjarni Aðalgeirsson, 1983). Samkomulagið var svo staðfest í heimsókn Einars Njálssonar, bæjarstjóra, og Tryggva Jóhannssonar, bæjarfulltrúa, til Godhavn árið 1998 að fyrrgreindri fyrirmynd við þá norrænu vinabæjakeðju sem Húsavíkurkaupstaður var hluti af með Álaborg.

#### 2.1.6. Tenglin við Eastport

Þetta sama ár, 1998, og aðeins rétt rúmum mánuði áður en samkomulagið við Godhavn var gert var stofnað til nýs vinabæjarsambands við Eastport í Bandaríkjunum, en greint var frá efnisatriðum samningsins fyrr í þessum kafla. Skrifað var undir samkomulag þessa efnis á Húsavík og staðfest af bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar Eastport og Friðrik Sigurðssyni, forseta bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar, og Einari Njálssyni, bæjarstjóra. Tengslin má rekja til viðskiptarsjónarmiða vegna fyrirtækisins Aldins á Húsavík sem framleiddi parket. Flytja átti timbur inn til framleiðslunnar frá Bandaríkjunum. Þótti höfnin í Eastport vel hentug til flutninganna, enda nyrsta höfnin á austurströnd Bandaríkjanna. Þorgeir Hlöðversson, þáverandi forstjóri Kaupfélags Þingeyinga, hafði verið í sambandi við Karl Ásmundsson, sem bjó úti í Bandaríkjunum, um að koma á tengslum vegna flutninganna og varð Eastport fyrir valinu. Í Eastport var Jonathan Daniels, hafnarstjóri, mikill stuðningsmaður samstarfs milli sveitarfélaganna. Þegar Aldin lagði upp laupana nokkru síðar brustu undirstöður samstarfsins að stórum hluta (Friðrik Sigurðsson, munnleg heimild, 17. ágúst 2009). Samskipti milli sveitarfélaganna hafa alla tíð verið afar stopul, líkt og samskipti Húsavíkurkaupstaðar við Godhavn, og hafa engin af markmiðum samkomulaganna náðst svo telja megi, enda mörg markmiða samninganna ekki í samræmi við raunverulega umgjörð samkomulagsins.

### 2.1.7. Tengslin við Fuglafjörð

Fuglafjörður er vinabær Álaborgar og má rekja samband hans við Norðurþing til þeirrar tengingar. Samstarfssamningur sveitarfélaganna var undirritaður í ferð sveitarstjóra, Bergs Elíasar Ágústssonar, menningar- og fræðslufulltrúa, Huldar Aðalbjarnardóttur, og forseta sveitarstjórnar Norðurþings, Gunnlaugs Stefánssonar, til Fuglafjarðar sumarið 2009. Í samningnum er kveðið á um að sveitarfélögin skuldbindi sig til að styðja við bakið á og varðveita sambandið og auka skilning borgaranna í garð hverra annarra. Lögð er áhersla á stuðning við gagnkvæmar heimsóknir mismunandi samfélagshópa til að tryggja grundvöll vinskaps sveitarfélaganna (Bergur Elías Ágústsson, Gunnlaugur Stefánsson, Simonsen og Larsen, 2009).

## 2.2. Umsjón og framkvæmd samskiptanna

Samskipti fulltrúa Húsavíkur við erlend sveitarfélög voru fyrstu áratugin á umsjón bæjarstjóra. Svaraði hann beiðnum og fyrirspurnum frá vinabæjunum og bauð fulltrúum þeirra til Húsavíkur ef svo bar við eða þáði boð frá þeim. Í raun virtist þetta gilda um erlend samskipti almennt hjá bæjarfélaginu, hvers eðlis sem fyrirspurnirnar voru, enda voru erlend samskipti aðeins lítill hluti af starfsemi bæjarfélagsins til að byrja með. Fram til ársins 2005 voru þessi samskipti alfarið í umsjón sveitarstjóra og bæjarritara. Vinabæjasamskiptin eru færð yfir til forstöðumanns fjölskyldu- og þjónustusviðs við skipulagsbreytingar árin 2004 og 2005 og með tilkomu sænskra daga. Þau fylgja síðan embætti menningar- og fræðslufulltrúa þegar aftur er skipt upp í fleiri svið. Eftir það hafði menningarfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar að mestu umsjón með samskiptum við vinabæi Húsavíkur og að viðhalda þegar gerðum samkomulögum, þótt bæjarstjóri tæki einnig virkan þátt í samskiptum við samstarfsfulltrúa vinabæjanna auk þess sem meiriháttar breytingar á samkomulögum eða stofnun nýrra sambanda heyrðu undir bæjarstjóra (Erla Sigurðardóttir, munnleg heimild, 25. júní 2009). Nú heldur menningar- og fræðslufulltrúi nær eingöngu utan um samband Norðurþings við erlend sveitarfélög. Vegna þess hversu umfangsmikil fræðslumál eru hjá sveitarfélaginu, sérstaklega eftir að nokkrir nýir skólar bættust við rekstur Húsavíkurkaupstaðs eftir sameiningu hans í Norðurþing, hafa vinabæjasamskipti verið mjög aftarlega í forgangsröð sveitarfélagsins.

Frá sjöunda áratug síðustu aldar og allt fram á þann tíunda fóru samskipti fulltrúa Húsavíkukaupstaðar við erlend sveitarfélög mestmegnis fram á dönsku, eða öðru norðurlandamáli, sem bæjarstjórnir tóku sjálfir að sér. Eina undantekningin frá þessu var í bæjarstjóratíð Bjarna Aðalgeirssonar, þar sem innsend og útsend bréf voru sérstaklega þýdd yfir á íslensku. Á seinni hluta tíunda áratugar og fram til dagsins í dag hefur vægi ensku í þessum samskiptum orðið æ meira, þrátt fyrir að þau séu enn við sömu sveitarfélög og áður. Þetta má líkast til rekja til þess hversu mikið vinabæjatengslum viðkomandi sveitarfélaga hefur fjölgað sem eru utan Norðurlanda og þess hvernig enska hefur orðið ráðandi tungumál í milliríkjasamskiptum.

Íþróttá- og æskulýðsmál voru umfangsmikil í vinabæjasamskiptum Húsavíkurkaupstaðar og þar voru unglíngaleikarnir í Álaborg jafnan stærsti viðburður vinabæjasamskiptanna, en þeir hafa verið haldnir á fjögurra ára fresti allt frá árinu 1975. Auk þess hafa opinberar heimsóknir verið ofarlega á baugi, þar sem kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna og embættismenn hafa verið í sambandi við samstarfsfulltrúa vinabæjanna. Heimsóknir til Húsavíkur voru ekki verið eins tíðar og þeirra sem fóru út á vegum Húsavíkurkaupstaðar.

Í samantekt Einars Njálssonar (1995) á vinabæjasamstarfi Húsavíkurkaupstaðar er hnekk á þessum áherslum samstarfsins í íþróttá- og æskulýðsmálum, þar sem Húsavík hafi til að mynda ávallt sent hóp á Álaborgarleikana að árinu 1987 undanskildu, auk þess sem íþróttafólk hafi farið til Fredrikstad. Á sviði menningar og lista hafi Leikfélag Húsvíkur margsinnis heimsótt Álaborg og Lúðrasveit Húsavíkur heimsótt Riihimäki sem og Karlakórinn Hreimur. Aftur á móti segir í minnisblaðinu að samskipti á sviði opinberrar stjórnsýslu hafi verið lítil, þótt bæjarfulltrúar og bæjarstjóri hafi heimsótt vinabæi þegar boð hafi borist. Ekki er vitað við hvað var miðað í minnisblaðinu, en eins og greint er frá nánar síðar í þessari skýrslu hafa opinberar heimsóknir verið nokkuð stór hluti af vinabæjasamstarfinu.

### *2.2.1. Þáttur Norræna félagsins á Húsavík og helstu þátttakendur*

Sveitarfélagið hefur iðulega styrkt þá sem hafa haldið út vegum samstarfsins vegna ferðakostnaðs, en sá aðili sem býður hópum frá vinabæjunum í heimsókn tekur alla jafna á sig kostnað vegna upphalds þeirra (Erla Sigurðardóttir, munnleg heimild, 25. júní 2009). Húsavíkurkaupstaður hefur

hinsvegar ekki styrkt Norræna félagið á Húsavík til slíkra ferðalaga nema eitt sinn svo vitað sé, þrátt fyrir yfirlýsingu bæjarstjórnar frá árinu 1969 um að efla bæri félagið (Hermann Larsen, munnleg heimild, 23. júní 2009). Í bréfi Jónasar Eysteinssonar til bæjarstjórnar 26. janúar árið 1973 kemur jafnframt fram vilji af hálfu Norræna félagsins í Reykjavík til að aðstoða við endurlífgun deildar félagsins á Húsavík: „Það var komið nokkuð á veg í sambandi við Kára Arnórsson skólastjóra, en þá flutti kann [svo] burt af staðnum. Nú vantar mig alveg kontaktmann á Húsavík, sem áhuga hefði á þessu og vil hér með hreyfa því, hvort þér hefðuð e.t.v. áhuga á að hrinda þessu af stað eða gætuð komið mér í samband við áhugamann á þessu sviði. Við hér syðra myndum reyna að aðstoða við þessa endurreisn eftir föngum og værum tilbúnir að koma norður þegar fer að vora og aðstoða við stofnun deildar.“ Aftur er vakið máls á þessum vilja Norræna félagsins til að efla vinabæjatengsl Húsavíkur í bréfi Jónasar til bæjarstjórnar 26. nóvember 1975: „Okkur væri mikil ánægja í því að aðstoða ykkur við að komast í nánari tengsl [svo] við vinabæina, ef áhugi er fyrir því hjá ykkur, en innan vinabæjatengslanna hafa oft skapast persónuleg vináttubönd og nán tengsl. Ef einhver ykkar óskuðu eftir öðrum vinabæjum en þeim er tengd eru nafni ykkar bæjar ... munum við leitað við að fá samband við þá bæ i.“ Í bréfinu er jafnframt vakið máls á því að norrænar félagsdeildir hafi oft verið drífandi kraftur vinabæjasamstarfs þar sem félagar hafi hýst gesti frá hinum vinabæjunum og lagt fram starfskrafta við vinabæjamót. Lítið sem ekkert var af þessum áformum, þótt Norræna félagið á Húsavík hefði einstaka sinnum komið að móttöku erlendra gesta. Þó ber að geta þess að Norræna félagið kom rausnarlega að undirbúningi sænskra daga á Húsavík árið 2006 með fjárframlögum og tæmdi nánast þá sjóði sem það hafði til starfseminnar (Hermann Larsen, munnleg heimild, 23. júní 2009).

Þrátt fyrir að áratugir séu nú liðnir frá upphafi gerðar vinabæjasamkomulaga Húsavíkurkaupstaðar, hafa aðeins mjög takmarkaðar breytingar orðið á áherslum þeirra frá upphafi, nema þá einna helst í samskiptum sveitarfélagsins við Karlskoga vegna sænsks uppruna Húsavíkur. Enn skipa helstu sveitarstjórnarfulltrúar og embættismenn stóran hluta þeirra ferðalaga sem farin eru á vegum samstarfsins, þótt að samningarnir kveði aðallega á samstarf í æskulýðs- og menningarmálum. Sem dæmi, fóru að minnsta kosti þrjú bæjarfulltrúar Húsavíkurkaupstaðar út til Álaborgar frá árinu 1991 til ársins 1999 (Guðmundur Nielsson, 2001). Af skjölum Norðurlands að dæma virðast þetta í flestum tilfellum hafa verið

kurteisiheimsóknir, þar sem engin greinileg markmið var að sjá eða umræður um útfærslur og verkefni sem hægt væri að ráðast í í tengslum við vinabæjastarfið. Þarna þarf því að setja spurningarmerki við samningagerðina og hverjum hún er ætluð, en samkvæmt þeim samningum sem voru undirritaðir árið 1997 og 1998 átti samstarfið aðallega að vera ætlað almenningi. Þessa stefnu mátti meðal annars sjá þeirri dagskrá sem gestum vinabæja Húsavíkur var boðið upp á afmælisfögnuð árið 2000 í tilefni þess að 50 ár voru frá því Húsavík fékk kaupstaðarréttindi. Fulltrúar vinabæjanna dvöldu í þrjá daga og að meðtöldum hádegis- og kvöldverðum var þar farið í ferð um Demantshringinn svokallaða, í hvalaskoðun, gönguferð um bæinn og skoðunarferð um Suður-Þingeyjarsýslu (Reinhard Reynisson, 2000). Ef til vill er þetta verið orsök þess hversu stefnulaus og miðstýrð ákvarðanatöku hjá Húsavíkurkaupstað var í erlendum samskiptum og hefur verið hjá eftirförum hans. Ekki er að sjá hvers vegna dagskrá eins og sú sem oft er boðið upp á í opinberum heimsóknum geti ekki gagnast almennum borgurum líkt og kjörnum fulltrúum fyrst grundvöllur samstarfsins er sagður vera til að auka skilning og umburðarlyndi fólks á öðrum þjóðum. Nánar er greint frá miðstýringunni síðar í skýrslunni.

### 2.3. Kostnaður

Sjóðir Húsavíkurkaupstaðar og Norðurþings hafa í gegnum tíðina borið mesta þungann af vinabæjasamstarfinu og hefur takmarkað fé fengist úr öðrum sjóðum. Kostnaður vegna samstarfsins er greiddur af sveitarsjóði innan ramma fjárhagsáætlunar hvers árs. Sá kostnaður er hinsvegar aðeins agnarsmár hluti af heildarútgöldum sveitarfélagsins. Þess ber þó að geta að mikill munur getur verið á kostnaði samstarfsins milli ára eftir því hversu mikil þátttaka Húsavíkurkaupstaðar og Norðurþings hefur verið. Kostnaður vegna móttöku gesta frá vinabæjum Húsavíkurkaupstaðar í tengslum við vinabæjamótið árið 1997 var til að mynda tæpar 950 þúsund krónur samkvæmt áætlun á þáverandi verðlagi sem væru nærri 1,8 milljón króna á núverandi verðlagi (Einar Njálsson, 1997). Sveitarfélagið hefur ekki mótað stefnu til lengri tíma um hversu miklu fé skuli varið í að viðhalda tengslunum við erlend sveitarfélög.

Á þessu ári voru áætlaðar rétt rúmar 900 þúsund krónur til vinabæjasamskipta Norðurþings í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt tölum sem aflað var þann 18. ágúst 2009 leit út fyrir að

kostnaður vegna samstarfsins yrði langt undir þeirri áætlun í lok árs. Í fyrra voru einnig áætlaðar rúmar 900 þúsund krónur til samstarfsins, en kostnaður vegna þess var um 200 þúsund krónur undir þeirri áætlun. Þá var stærsti einstaki kostnaðarliðurinn vegna móttöku gesta frá vinabæjum Norðurþings, en engar ferðir voru þá farnar á vegum sveitarfélagsins út. Árið 2007 var kostnaður vegna samstarfsins rétt rúm 1,1 milljón króna, sem mátti rekja að mestu til þátttöku Norðurþings á Álaborgarleikunum (Huld Aðalbjarnardóttir, munnleg heimild, 18. ágúst 2009). Kostnaður samstarfsins er mjög aðgengilegur og allir kostnaðarliðir sundurliðaðir sérstaklega, eins og ferðakostnaður, dvalarkostnaður, gjafir, veitingar, skemmtiferðir og allt niður í efniskostnað.

#### Kostnaður við vinabæjasamstarf á núvirði miðað við vísitölu neysluverðs

| Ár            | 2009          | 2008    | 2007      | 2006    | 2005    |
|---------------|---------------|---------|-----------|---------|---------|
| Kostnaður kr. | 263.369 kr. * | 822.410 | 1.507.689 | 500.469 | 632.199 |

\*Miðað við ágúst 2009

#### 2.4. Staða annarra þingeyskra sveitarfélaga en Norðurþings

Eins og áður hefur verið greint frá hafa önnur sveitarfélög en Norðurþing ekki stofnað til vinabæjasambanda og eiga í verulega takmörkuðum erlendum samskiptum. Samkvæmt því sem komið hefur fram í samtölum við fulltrúa sveitarfélaganna Langanesbyggðar, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveit hefur fámenni og þar með fjármagnsskortur verið ein helsta ástæða þess að ekki hefur verið gengið til slíks samstarfs, auk þess sem almennt áhugaleysi stjórnenda kann að spila þar inn í á því að kanna hvaða möguleikar eru á slíku samstarfi.

### 3. KENNINGAR OG VIÐHORF UM VINABÆJASAMSTARF

Ítarlegur spurningarlisti var sendur í tölvupósti til fulltrúa allra vinabæjarsveitarfélaga Norðurlands sem höfðu umsjón með vinabæjasamskiptum. Þar var hugur þeirra á samstarfinu kannaður, hvaða möguleika og takmarkanir þeir töldu vera í núverandi samstarfi og hver staða vinabæjastarfsins væri innan stjórnsýslunnar. Auk þess var listinn sendur á forsvarsmenn annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum til að kanna viðhorf þeirra á vinabæjasamstarfi og hvaða þættir hefðu orðið til þess slíkir samningar hefðu ekki verið gerðir, stöðu sveitarfélaganna í erlendum samskiptum almennt og hvort þau gætu hugsað sér einhvers konar samstarf við erlend sveitarfélög. Listinn tók fyrir allflestu þætti vinabæjasamstarfs og var miðað við fjölda samanburðarrannsókna á samstarfi sveitarfélaga milli ríkja, á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvettvangi. Út frá þessum rannsóknum voru þeir þættir sem einkenna farsæl vinabæjasambönd greindir og miðað við í könnuninni. Stuðst var við blöndu af opnum og lokuðum spurningum, þar sem þátttakendum gafst kostur á að tjá sínar skoðanir með fjölbreyttum hætti. Markmiðið var að kanna hvaða ávinning viðkomandi sveitarfélög höfðu eða gætu haft af samstarfinu og hvort forsvaranlegt væri að halda í það eða efla, með því að greina þá þætti sem samskipti sveitarfélaganna og tengsl byggja á. Vegna þess hversu fámennt úrtakið er og spurningar opnar verður ekki farið út í tölfræðilega úttekt á niðurstöðunum í þessari skýrslu, heldur bornir saman þeir þættir sem þátttakendurnir eiga sameiginlega og þeir þættir sem skilja þá að. Svörun í þessum hluta var almennt góð, en ekki bárust svör frá fulltrúum Fuglafjarðar og Godhavn þrátt fyrir fjölda ítrekana bæði í síma og með tölvupósti.

Þá var einnig sendur spurningalisti í tölvupósti til fyrrverandi fulltrúa í bæjarstjórn Húsavíkurbæjar og núverandi fulltrúa í sveitarstjórn Norðurlands til að kanna þeirra viðhorf og reynslu á samstarfinu. Sá listi var mjög frábrugðinn þeim sem sendur var á þá fulltrúa sem höfðu umsjón með vinabæjasamskiptum hvers og eins sveitarfélags. Með listanum var einungis leitað eftir helstu yfirborðsupplýsingum um viðhorf bæjar- og sveitarstjórnarfulltrúa til samstarfsins en í þeim fyrri var leitað eftir upplýsingum um alla meginfleti samstarfsins og framkvæmd þess, allt niður í hvernig vinabæjastarfið væri kynnt fyrir almenningi og hvaða samskiptamöguleikar væru notaðir milli fulltrúa sveitarfélaganna. Svarhlutfall þess hluta sem sendur var sveitar- og bæjarfulltrúa var ásættanlegt, eða 67 prósent.

Langflest þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í rannsókninni eru með sérstakt yfirlit á heimasíðum sínum yfir þá vinabæjasamninga sem þau hafa, fyrir utan þau sem hafa enga slíka samninga augljóslega. Þessar upplýsingar eru hinsvegar mis aðgengilegar, þar sem þarf í einstaka tilfellum að hafa nokkuð fyrir því að leita að þeim. Hjá Norðurþingi eru upplýsingarnar til að mynda hluti af Húsavíkurluta síðunnar, þrátt fyrir að samstarfið sé nú ætlað öllum íbúum sveitarfélagsins. Uppsetningin er því mjög misvísandi. Hjá Riihimäki eru upplýsingarnar aðgengilegar strax á forsíðu sænska hluta heimasíðu sveitarfélagsins, en ekki á þeim enska eða finnska. Því er afar mismunandi hversu mikla áherslu sveitarfélögin leggja á að kynna samstarfsaðila sína bæði fyrir almennum borgurum og utanaðkomandi aðilum.

### 3.1. Einkenni vinabæjastarfs

Nútíma sveitarstjórnir hafa líkast til aldrei verið staðbundnar að fullu. Þær eru hluti af stærri stjórn á landsvísu og taka mið af stefnu stjórnvalda og þjóðhagkerfinu í heild. Í þessu sambandi fylgja sveitarstjórnir ekki aðeins eftir þeim breytingum sem verða á þessum vettvangi heldur hafa einnig áhrif á stefnumótun stjórnvalda og hagkerfið. Auk þess hafa sveitarfélög í auknum mæli orðið virkir þátttakendur á hinu alþjóðlega sviði og hafa áhrif í stað þess að fylgja aðeins eftir stefnumótun þeirra eigin ríkja. Með öðrum orðum, sveitarfélög verða æ minna bundin af landamærum eigin ríkja.

„Staðbundnar stjórnir fylgjast náið með þróun alþjóðlega hagkerfisins og hvað geti haft áhrif á hag þeirra eigin íbúa, eða leita yfir landamæri að lausnum við vandamálum sem blasa við þeirra samfélögum“ (Baldersheim og Ståhlberg, 1999, bls. 115).

Í Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) er vinabæjasamband skilgreint sem langtímasamskipti milli tveggja eða fleiri samfélaga í mismunandi sveitarfélögum. Flestum þessara sambanda er ætlað að ná fram sameiginlegum markmiðum og ágóða fyrir viðkomandi samfélög (Villiers, 2009). Samfélag má skilgreina sem borgara, svæðisbundna stjórn, skóla eða aðrar stofnanir, samtök eða aðra hópa sem ná yfir undirgreinar þjóðfélaga en ekki ríkið sjálft (United Nations Development Programme, 2000). Mörg þessara sambanda eru staðfest með formlegum samningi, sem oftast er tímalaus (Handley, 2006). Í upphafi voru þessi tengsl nærri einvörðungu opinber, vegna tengsla kjörinna fulltrúa

og embættismanna sem stutt var með menningar- og íþróttastarfi. Nú til dags hefur eðli samstarfsins víkkað svo um munar og beinist nú í auknum mæli að samfélagslegri þróun, eins og hvernig byggja eigi upp skilvirka stjórnsýslu, kennslu og þátttöku almennings í samfélagslegum málefnum, svo eitthvað sé nefnt (United Nations Development Programme, 2000).

Villiers (2006) greinir þessi sambönd í þrennt. Fyrst sé þar alþjóðlegt samstarf milli sveitarfélaga sem einkennist af skammtíma eða langtíma samkomulagi milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga eða hópa þeirra um samstarf í einhverjum ákveðnum málaflokkum, eins og í tækniþróun eða stjórnsýslu. Þetta samstarfsform á því nær yfirleitt aðeins við fulltrúa sveitarfélaganna og tengda aðila. Í annan stað er fyrirkomulag systraborga eða vinabæjasamkomulög. Þau ná yfirleitt til alls samfélagsins, allt frá yfirstjórn sveitarfélagsins til félagasamtaka, viðskiptaaðila og tengdra stofnana. Sveitarfélagið spilar samt sem áður lykilhlutverk í upplýsingamiðlun og að viðhalda tengslunum, sem miðast að samstarfsverkefnum frá menningarmiðlun og vinskapað efnahagsþróun og viðskiptum. Loks er samstarf án miðstýringar, sem beinist oft að þróunarmálum með milligöngu þróunarstofnana eða samtaka þar sem mismunandi aðilar sveitarfélaga taka upp samstarf sín á milli um ákveðin uppbyggingarverkefni.

Í skýrslu Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna eru ýmsar ástæður tilgreindar fyrir samstarfi samfélaga í mismunandi sveitarfélögum. „Þetta getur verið vegna félagslegra, menningarlegra, efnahagslegra, tæknilegra eða umhverfislegra ástæðna. Löngunin til að koma á samstarfi getur komið frá samfélaginu eða innan stjórnkerfisins. Oft og tíðum – á Norðurhveli jarðar – er hópur eða einstaklingur sem hefur sterkar skoðanir á því að samfélagið eigi að taka þátt...“ (United Nations Development Programme, 2000, kafli 3,3). Zelinsky (1991) bendir á að tengslamyndunin sé ekki tilviljunarkennt ferli, heldur einskorðist aðallega við nokkra grunnþætti: sögulegar tengingar, sameiginlegar efnahags-, menningar-, tómstunda- eða hugmyndafræðilegar áhyggjur eða þá einfalda þætti á borð við sambærilega nafngift sveitarfélaga eða fjarlægð og aðgengi.

Aðrir mikilvægir áhrifaþættir á sambönd sveitarfélaga eru meðal annars hversu sjálfstæð þau eru, hver efnahagsleg staða þeirra og/eða þjóðarbúsins er og breytingar á alþjóðavettvangi sem opna fyrir möguleika á alþjóðlegu samstarfi. Með vísun til þessara þriggja þátta útskýrðu Baldersheim og Ståhlberg (1999) til að mynda hvers vegna sveitarfélög í

Finnlandi væru mun virkari í alþjóðlegu samstarfi en norsk sveitarfélög. Þessi atriði geta einnig haft mismunandi áhrif á sveitarfélög innan hvers ríkis, þar sem fulltrúar líta á alþjóðlegt samstarf með mismunandi hætti. Þannig hafi sveitarfélög sem eru best í stakk búin til að nýta sér möguleika upplýsingatækni, eins og sem þau sem hafa virka þekkingar- og skólafélagssemi, mestu möguleikana á fóttfestu í alþjóðlegu samstarfi. Í þessu sambandi geta stjórnarhættir samfélaga einnig haft áhrif sem og persónulegar skoðanir stjórnáráðgjafanna. Þegar fulltrúar sveitarfélaga leita að hugsanlegum samstarfsaðilum hugsa þeir fyrst og fremst um efnahagsleg sjónarmið en einnig hverjum þeir geti lært mest af til að bæta eigin stjórnarhætti. Þar þarf ekki að koma á óvart að oftast er horft til næstu nágranna og þeirra ríkja sem eiga flest sameiginlegt með þeirra eigin. Síðustu tvo áratugi hefur tengslum sveitarfélaga milli ríkja fjölgað gríðarlega sem Sameinuðu þjóðirnar telja að megi rekja til þriggja þátta: Borgarmyndunar, alþjóðavæðingar og þess að sveitarfélög hafa tekið frumkvæði á alþjóðavettvangi á sínum eigin forsendum án milligöngu ríkjanna þeirra. Þetta á til að mynda við umhverfismál sem hafa alþjóðlega skírskotun en sveitarfélög þurfa að bregðast við (Villiers, 2006).

Hagur sveitarfélaga af samstarfi getur verið margvíslegur og samstarfið getur nýst til ýmissa þátta. Eins og Handley (2006) greinir frá getur samstarfið bætt ákvarðanatöku og verkefnagerð. Fólki gefst kostur á að deila þekkingu með sveitarfélögum annarra ríkja sem gefur þeim tækifæri á annars konar samanburði en við önnur sveitarfélög innan sama ríkis. Þetta getur verið hagkvæmt þar sem kostnaður af slíku samstarfi getur verið minni en af annarri starfsmannabjálfun eða öflun þekkingar, hvort sem um embættismenn eða kjörna fulltrúa ræðir. Þá getur þetta aukið skilning fulltrúa sveitarfélaganna á alþjóðamálum, þar á meðal Evrópumálum, og aukið möguleika sveitarfélaga á að sækja um styrki til sjóða sem áður hafa verið lokaðir.

Handley (2006) greinir einnig þá möguleika sem samstarfið geti haft fyrir almenning. Samstarfið geti aukið umburðarlyndi og skilning milli samfélagshópa og mismunandi menningarheima, aukið borgaralega þátttöku í málefnum samfélagsins og gefið ungu fólki ýmsa möguleika á að víkka sjónvildarhorning sinn og afla sér lífsreynslu.

Loks greinir Handley (2006) frá hugsanlegum almennum samfélagslegum ábóta vegna samstarfsins. Samskipti sérfræðinga á

mismunandi sviðum geti bætt opinbera stefnu í ákveðnum málaflokkum, aukið áhuga almennings og þátttöku hans í umræðu um alþjóðleg málefni, bætt menntun með því að skapa möguleika á raunverulegum dæmum, stutt viðskiptasambönd með stuðningi og hjálpað til að ná fram alþjóðlegum markmiðum, eins og þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eða markmiðum um umhverfisumbætur.

Villiers (2009) greinir nokkur atriði sem einkenna farsæl sambönd milli sveitarfélaga. Í fyrsta lagi sé mikilvægt að yfirbygging sé til staðar sem geri sambandinu kleift að þrífast. Þar geti til að mynda stefna stjórnvalda gagnvart sveitarfélögum haft áhrif. Þá sé mikilvægt að vanda valið á samstarfsaðilum og að tilgangur sambandsins sé að ná fram fyrirfram ákveðnum markmiðum, sem eru studd af helstu stjórnendum viðkomandi sveitarfélaga. Mikilvægt sé að þátttaka almennings sé sem mest og að undirgreinar myndist milli stofnana, samtaka og annarra samfélagshópa sem hafa hag af samstarfinu. Annar áhrifaþáttur er gæði stjórnunar og samfélagsleg leiðsögn. Þetta á meðal annars við hvort sérstakir starfsmenn eða vinabæjanefndir séu starfræktar sem hafi umsjón með sambandinu. Þriðji þátturinn er að regluleg samskipti, skilningur og skuldbinding sé til staðar milli aðila. Þetta á meðal annars við að samstarfið sé kynnt með markvissum hætti og að regluleg skipti (líkt og nemendaskipti eða heimsóknir annarra fulltrúa sveitarfélaganna) fari fram eða unnið sé að samstarfsverkefnum. Loks telur Villiers (2009) mikilvægt að samstarfinu sé tryggt fjármagn til lengri tíma og að reglulega sé farið yfir framkvæmd þess, með hugsanlegar endurbætur að leiðarljósi. Mikilvægt er að samstarfsaðilarnir sammælist um ferli sem ætlað sé að viðhalda sambandinu milli sveitarfélaganna. Annars sé hætta á að samstarfið nái aðeins fram skammtíamarkmiðum og staðni.

Vinabæjasamstarf á Norðurlöndum á sér langa sögu, eða allt aftur til ársins 1939 þegar Uddevalla í Svíþjóð og Thistedt í Danmörk tóku höndum saman. Samstarfssamningum fjölgaði mikið eftir seinni heimsstyrjöldina og fyrir tíu árum voru hátt í þúsund samningar í gildi milli sveitarfélaga á Norðurlöndum (Keskiruokanen og Lahtinen, 1999; Anna Jakobsson, e.d.). Ástæðan fyrir því að samningum fjölgaði svo mjög eftir seinni heimsstyrjöldina var að leiðtogar sáu vinabæjasamstarf sem góða leið til að auka samkennd og skilning milli íbúa mismunandi ríkja, sem ekki veitti af eftir erfiða tíma. Í upphafi voru samskiptin að mestu á menningarlegum forsendum og beindust að því að fjölskyldur tækju á móti einstaklingum eða

hópum frá öðrum samfélögum (Handley, 2006). Meðal helstu stuðningsmanna samstarfsins var Dwight D. Eisenhower, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, og átti hann stóran þátt í vöxt slíkra sambanda á Vesturlöndum. Hann sá slíkt samstarf sem góðan stuðning við fyrri sambönd Bandaríkjanna við Vestur-Evrópu vegna uppbyggingarstarfs þar eftir seinni heimsstyrjöldina og til að endurreisa samskipti Bandaríkjanna við Japan (Sister Cities International, e.d.). Árið 2006 var talið að um 56 prósent Evrópubúa byggju í sveitarfélögum sem ættu vinabæi og að 70 prósent íbúa heimsins byggju í borgum sem hefðu þróað einhvers konar samstarf við borgir í öðrum ríkjum. Vinabæjatengsl eru algengust í Frakklandi og Þýskaland, enda má rætur þeirra að miklu leyti rekja þangað. Í Evrópu hafa tengslin breyst frá því að vera ætluð til þess að byggja upp sjálfstraust og skilning milli Evrópubúa í „alþjóðlegt fyrirbæri um vinskap, samheldni, samstarf í menningarmálum, umburðarlyndi, skilning á alþjóðamálum, mannúðaraðstoð, sjálfbæra þróun og á allra síðustu árum góða stjórnhætti,“ (Villiers, 2006, bls. 3).

Norræn sveitarfélög hafa gengið í gegnum þrjú tímabil í erlendum samskiptum. Fyrsta tímabilið var eftir óreiðuna sem varð eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Annað varð samhliða stækkun Evrópusambandsins og hið þriðja eftir fall Sovétríkjanna. Fyrst um sinn einskorðuðust tengslin við norræn sveitarfélög, en síðar breiddust tengslin yfir til annarra Vesturlanda og loks opnuðust allar gáttir í austurátt með falli Sovétríkjanna (Anna Jakobsson, e.d.). Þá má segja að nú sé fjórða tímabilið, vegna þess hvernig alþjóðavæðing hefur fjölgað samstarfsmöguleikum með því að afmá vegalengdir milli ríkja. En þrátt fyrir að sveitarfélög njóti meira frelsis, er ekki þar með sagt að þau hafi úr auknum auðlindum eða fjármunum að ráða til að nýta sér þá möguleika sem bjóðast. Þetta hefur þó augljóslega haft sín áhrif á samband norrænna sveitarfélaga sem hafa í auknum mæli leitað út fyrir Norðurlönd að samstarfsaðilum og líta á þá í sumum tilvikum sem betri og áhugaverðari kosti (Anna Jakobsson, e.d.). Þau sveitarfélög sem Norðurþing hefur vinabæjatengsl við eru þar engin undantekning. Þar hefur áhersla samskiptanna dreifst til muna, eins og hjá Álaborg þar sem Norðurþing er aðeins eitt af fjölda vinabæja sambanda borgarinnar. „Þau sveitarfélög sem eru virk alþjóðlega eru nútímaleg þéttbýlisefnahagskerfi. Þau hafa fjölbreytt efnahagslíf og menningarlegan stofn. Þessar stöðvar hafa bæði bolmagnið og möguleikana til að ráðast í slíkar aðgerðir vegna hefðar og vegna efnahagslegra sjónarmiða. Þau þurfa að alþjóðavæðast

til að finna fóttfestu í breyttri verkaskipan Evrópu," (Baldersheim og Stáhlberg, 1999).

Ef vinabæjahagir Norðurbings eru bornir saman við könnun Norræna félagsins í Svíþjóð á fyrirkomulagi sveitarfélaga þar í landi, myndi Norðurbing teljast mjög virkt í alþjóðlegu umhverfi. Aðeins fimm prósent sveitarfélaga í Svíþjóð með tíu þúsund eða færri íbúa höfðu þrjá eða fleiri vinabæi (Anna Jakobsson, e.d.). Ef miðað er við lista Norræna félagsins á Íslandi yfir vinabæjasamninga íslenskra sveitarfélaga verða þó íslensk sveitarfélög almennt að teljast mjög virk á alþjóðlegum vettvangi, þar sem flest helstu sveitarfélaga landsins hafa að minnsta kosti fjóra vinabæi (Ole Harald Flåten og Stefán Vilbergsson, e.d.). Því gefur augaleið að talsverður munur getur oft verið á fólksfjölda íslensku sveitarfélaganna og samstarfsaðila þeirra á Norðurlöndum, eins og er í tilfalli Norðurbings, ef undanskildir eru Fuglafjörður, Godhavn og Eastport.

Í þessari sömu rannsókn kemur fram að fulltrúar flestra sveitarfélaganna telja opinberar heimsóknir vera helsta innihald vinabæjafyrirkomulagsins. Þar er átt við heimsóknir og ráðstefnur kjörinna fulltrúa og embættismanna. Nokkru þar á eftir kemur samstarf á skólasviði, eins og með stúdenta- eða kennaraskiptum og ýmsum námskeiðum eða verkefnum. Þar á eftir kemur samstarf á sviði menningarstarfs, æskulýðsstarfs og milli félagasamtaka. Fæstir telja að viðskiptasjónarmið hafi einhvern þátt í samstarfinu. Eftir því sem sveitarfélögin verða fjölmennari verður samstarfsgrundvöllur þeirra í vinabæjatengslum fjölbreyttari. Í flestum tilvikum telja fulltrúar sveitarfélaganna að samstarfið snúist um að þátttakendur skiptist á hugmyndum sem geta haft áhrif á samfélagsþróun, sem helst í hendur við áherslu á opinberar heimsóknir. Nærri því eins margir telja að samstarfið snúist um vináttu, tengslamyndun og samheldni. „Opinberar heimsóknir eru klárlega vinsælasta samstarfsformið óháð stærð sveitarfélaga. Ein ástæða þess gæti verið takmarkað fé sveitarfélaga og að hagkvæmast sé að senda fáa fulltrúa fyrir hönd sveitarfélagsins til vinabæjanna.“ (Anna Jakobsson, e.d., bls. 11).

Fæst sveitarfélög í rannsókninni voru alfarið með ákvarðanatöku og skipulagningu samstarfsins á könnu sinna eigin starfsmanna, nema þá þau allra smæstu. Í flestum tilfellum sáu sérstakar nefndir eða vinnuhópar um skipulagningu viðburða. Ekki voru þó merki um að vinabæjastarf væri virkara í þeim sveitarfélögum þar sem var starfrækt staðbundin deild

Norræna félagsins, sem hugsanlega mátti þó skýra með því að oftast voru deildir Norræna félagsins starfræktar í stærri sveitarfélögum en þeim minni og því hugsanlega ekki eins brýn þörf á starfsemi þeirra. Merki voru um að starfsemin væri gagnsæri eftir því sem skipulagning og ákvarðanatataka var færð lengra frá helstu embættismönnum. Í skýrslunni er jafnframt getið þess að einu helstu ástæður þess að vinabæjasambönd staðna og fjara út eru aðgangur að fjármagni og breyttar hefðir eða venjur, eins og hvað varðar tungumál og samskiptahætti. Fjármögnun samstarfsins hefur líka færst í auknum mæli frá sveitarfélögum sjálfum og yfir til annarra sjóða, einkum Evrópusambandsins. Íslenskum sveitarfélögum hefur aftur á móti ekki tekist að nýta sér þann kost í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið svo telja megi (Anna G. Björnsdóttir, munnleg heimild, 28. maí 2009). Þrátt fyrir að mismunur sé á framkvæmd vinabæjatengsla milli fámennra og fjölmennra sveitarfélaga virðist álit forsvarsmanna þeirra á samstarfinu vera svipað og oft hefur það meiri þýðingu fyrir smærri sveitarfélög en þau stærri, þar sem það nær til stærri hluta samfélagsins og fleiri hafa aðgang að því.

### **3.2. Hvers háttar eru vinabæjasamskipti þingeyskra sveitarfélaga?**

Ekkert þingeyskra sveitarfélaga hefur mótað stefnu um hvernig samskiptum við fulltrúa erlendra sveitarfélaga skuli háttað og til hvers er ætlast með þeim. Hjá fámennari sveitarfélögum hefur ekki verið talin þörf á því. Hjá Norðurþingi hefur engin formleg stefna legið fyrir en leitast eftir að beina samskiptum við einstaka bæi í ákveðinn farveg, þannig að samskipti fulltrúa Norðurþings við fulltrúa vinabæja þess eiga að mestu við fyrirfram ákveðna málaflokka. Hugsanlegt er að tímaskortur og flutningur verkefna frá bæjarstjóra og bæjarritara til menningar- og fræðslufulltrúa hafi gert vinabæjasamskipti að aukabúgrein, þar sem þessi samskipti virðast vera einna neðst í forgangs röðun viðkomandi fulltrúa. Jafnframt hefur þessi málaflokkur verið færður frá bæjarstjórn yfir til menningar- og fræðslunefndar. Umboð milli þessara aðila er hinsvegar óskýrt þar sem sveitarstjórn kemur oft einnig að málefnum.

Fámennari sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum eiga í mjög takmörkuðum samskiptum við erlenda aðila og þar er engin deild Norræna félagsins starfrækt. Eins og hefur komið fram, hafa fulltrúar Norðurþings sjálfs ekki verið í beinum samskiptum við Norræna félagið vegna útfærslu samstarfsins en þó virðist vera vilji hjá báðum aðilum til að auka aðkomu félagsins.

Hugsanlega þyrfti Norðurþing að innleiða stefnumótun Húsavíkurkaupstaðar frá árinu 1969 um hvernig eigi að endurreisa starfsemi félagsins á Húsavík og hvernig megi auka aðkomu þess að starfinu. Hugsanlega mætti flytja hluta skipulagningarinnar yfir til félagsins, sem jafnframt myndi létta á vinnuálagi menningar- og fræðslufulltrúa sveitarfélagsins. Þá mætti kanna hvort Norræna félagið í Reykjavík hafi áhuga á að leggja lið við endurreisnina eins og lagt var upp með í upphafi.

Þótt að fámennari sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafi enga vinabæjasamninga, útiloka fulltrúar þeirra ekki slíkt samstarf. Slík ákvörðun yrði þó í höndum kjörinna fulltrúa. Hingað til hefur möguleiki á samstarfi ekki verið kannaður, enda yrði kostnaður þeirra við samstarfið væntanlega hár vegna fámennis hefðu þau sína eigin samstarfssamninga. Hjá Þingeyjarsveit er vinabæjasamstarf ekki talið vera á dagskrá vegna þess hversu nýtt sveitarfélagið sé og myndað af mörgum fámennum hreppum auk þess sem núverandi efnahagsástand hafi gert það að verkum að ekki sé litið á vinabæjasamstarf sem hugsanlegan valmöguleika í náinni framtíð. Mestur áhugi á slíku samstarfi virðist vera hjá Langanesbyggð, en sá valmöguleiki hefur þó ekki verið kannaður sérstaklega frekar en hjá hinum sveitarfélögunum. Þar er talið að tengja megi samstarfið við einhvers konar hátíðardagskrá. Munur á markmiðum sveitarfélaga utan Norðurþings með hugsanlegu samstarfi er mikill, þar sem Skútustaðahreppur sér fyrst og fremst viðskiptamöguleika með því en Langanesbyggð að samstarfið gagnist fyrst og fremst almennum borgurum og ungu fólki. Þá leggur Langanesbyggð einna mest upp úr nálægð við hugsanlega samstarfsaðila og stærð og efnahagslegum burðum þeirra.

Vegna þess sem á undan hefur verið reifað um eðli vinabæjasamstarfs má sjá hversu mikinn þátt stærðarhagkvæmni á í því að viðhalda samstarfinu til lengri tíma. Ljóst er að sveitarfélög með um eða undir þúsund íbúum ættu mjög erfitt með að viðhalda reglulegu sambandi við samstarfsaðila sína væri þar um tvíhliða samninga að ræða og að kostnaður vegna samstarfsins myndi væntanlega hafa meiri vigt af heildarfjárútlátum sveitarfélagsins en annars. Auk þess er ekki að sjá hvaða starfsmenn gætu tekið slík verkefni að sér.

Hjá Norðurþingi er áhugi á því að samstarfssamningar þess verði opnaðir fyrir fleiri aðilum en íbúum sveitarfélagsins sjálfs. Þetta mætti til að mynda hugsa sem svo að nágrannasveitarfélög Norðurþings hafi aðgang

að samstarfinu og þeim verkefnum sem unnin eru á vegum þess gegn því að þau taki á sig þann auka kostnað sem kann að verða vegna breytinganna. Fulltrúar nágrannasveitarfélaga Norðurlþings yrðu þá upplýstir um öll boð frá vinabæjum Norðurlþings og fyrirhuguð verkefni eða viðburði á vegum samstarfsins, sem þeim væri þá frjálst að taka þátt í ef þeir teldu við hæfi. Þetta myndi auka fjölbreytni og möguleika fyrir þá samfélagshópa sem viðkomandi sveitarfélög hefðu áhuga á, eins og með því að tengja vinabæjastarfið við skóla eða starfsemi félagasamtaka, sem gæfist þá kostur á þátttöku í verkefnum erlendis á hagstæðari kjörum en ella. Mismunandi áhugasvið fulltrúa fámennari sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum þarf ekki að vera hindrun í samstarfinu vegna þess hversu fjölþættir samningar Norðurlþings eru. Eini óvissuþátturinn er hvort vinabæir Norðurlþings myndu samþykkja að taka við íbúum utan sveitarfélagsins sjálfs, þar sem móttökusveitarfélög taka á sig stóran hluta kostnaðarinnar við samstarfið. Í ljósi þess að Karlskoga hefur nú þegar svæðisbundið samstarf við nágrannasveitarfélög sín telst þetta ekki vera hindrun í samstarfinu. Þó mætti búast við því að álag á menningar- og fræðslufulltrúa myndi aukast vegna þessa, sem yrði að taka mið af við skipulagningu ef breytingarnar yrðu innleiddar þegar málaflókkurinn virðist nú þegar vera útundan. Þetta mætti til að mynda gera með því að auka þátt Norræna félagsins í samstarfinu þótt að starfsmaður sveitarfélagsins hafi áfram yfirumsjón með samskiptunum.

Flest öll vinabæjasambönd Norðurlþings virðast hafa orðið til vegna utanaðkomandi þrýstings og hefur frumkvæði af hálfu stjórnenda Húsavíkurkaupstaðar verið verulega takmarkað við gerð slíkra samninga, nema við gerð samninganna við Eastport og Fuglafjörð. Samningagerðin virðist fyrst og fremst eiga sér sögulega skírskotun, efnahagslega og menningarlega, sem stjórnaðist af áhuga fulltrúum félagasamtaka og erlendra sveitarfélaga. Engu að síður má lýsa tengslunum sem sterkum og svo virðist sem allir aðilar í vinabæjakeðju Norðurlþings við Álaborg séu viljugir til að viðhalda samstarfinu.

### 3.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa Norðurlþings gagnvart sambandinu

Almennt eru þeir kjörnu fulltrúar sem nú eru hjá Norðurlþingi og hjá Húsavíkurbæ áður frekar jákvæðir gagnvart vinabæjastarfinu. Aðeins tveir af þeim tíu fulltrúum sem svöruðu spurningakönnunni sagðist aldrei hafa

tekið þátt í verkefnum tengdum vinabæjastarfinu. Flestir þeirra hafa átt í samskiptum við samstarfsmenn sína í Álaborg, sem er í samræmi við tengsl Norðurljósa við borgina. Blendnar skoðanir eru aftur á móti á því hvort þessi samskipti hafi komið að gagni. Helmingur þeirra sem tóku þátt taldi samskiptin hafa komið honum að gagni. Þar gafst sveitarstjórnarfulltrúunum kostur á að kynna öðrum stjórnhátum sem þeir gátu nýtt við eigin stefnumótun. Aðeins einn taldi að samskiptin hefðu ekki gagnast sér og þrír voru óvissir. Meirihluta þessara samskipta má flokka sem kurteisheimsóknir, þar sem fulltrúarnir voru annað hvort gestir hjá vinabæjum eða tóku á móti gestum þaðan. Þetta staðfestir einnig kenningar um hversu stór hluti kjörnir fulltrúar og embættismenn eru í samstarfinu. Þess ber þó að geta að líkur eru á að svörun hafi verið mest meðal þeirra fulltrúa sem hafa mesta aðkomu að samstarfinu.

Allir nema einn töldu samstarfið vera hagkvæmt fyrir sveitarfélagið eða sáu einhvers konar ágóða af því. Flestir minntust á þann kost að samstarfið víkkti sjóndeildarhring sveitarstjórnarmanna og embættismanna sveitarfélaga og að þeir gætu aflað sér þekkingar á mjög hagkvæman hátt, miðað við þann kostnað sem lagður væri í samstarfið. Athygli vakti að aðeins einn þátttakandi nefndi sérstaklega ágóða af samstarfinu á barna- og unglingsstarf.

Meirihluti þátttakenda taldi sig ekki hafa eða hafa aðeins takmarkaða yfirsýn yfir þann kostnað og þau verkefni sem unnin voru í tengslum við vinabæjasamskipti Norðurljósa og Húsavíkurbæjar, þrátt fyrir að hafa aðgang að þeim upplýsingum. Þess ber þó að geta að samskiptin heyra undir menningar- og fræðslunefnd og því ekki á verksviði allra sveitarstjórnarfulltrúa þótt þeir hafi aðgang að þeim málefnum.

Meirihluti þátttakenda telur að stuðningur sveitarfélagsins við samstarfið sé nægjanlegur, en þó eru margir sem telja mögulegt að nýta féð betur og á markvissari hátt. Þar þurfi ef til vill að móta stefnu sem segi til um hvers er ætlast til með samstarfinu. Þrír fulltrúar telja að ekki hafi verið nægilega stutt við samstarfið og að breyta þurfi áherslum hvað það varðar. Meirihluti telur að leita mætti fjárhagslegs stuðnings út fyrir sjóði sveitarfélagsins og þá einna helst til einkaaðila sem geti séð sér hag í því að nýta samböndin vegna viðskiptasjónarmiða eða þá að styrkja þátttöku í samfélagslegum verkefnum, eins íþróttafélög sem einkaaðilar styrkja nú þegar.

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda telur að draga megi úr miðstýringu við ákvarðanatöku og skipulagningu vinabæjastarfsins með því að færa verkefnin yfir til félagasamtaka eða undirstofnana sveitarfélagsins sem hefðu með málaflokkana að gera. Tveir aðilar leggja til að fagnefnd verði sett verði á laggirnar, skipuð fulltrúum félagasamtaka og sveitarfélagsins, sem hefði umsjón með samstarfinu. Enginn þeirra nefnir þó hugsanlega aðkomu Norræna félagsins í þessu sambandi.

Afar mismunandi er hvort og hvaða breytingar þátttakendurnir telja að gera skuli á núverandi vinabæjasamningum. Þó er ljóst að minnihluti þátttakenda er sáttur við óbreytt ástand. Helst er horft til þess hvort bæta megi tengsl í menningar-, æskulýðs- og íþróttastarfi auk þess sem virkja mætti eldri borgara og viðskiptalífið í núverandi samstarfi. Einn þátttakandi nefnir að horfa eigi til Evrópusambandsins sem fyrirmyndar í vinabæjastarfi, þar sem unnið sé með tiltekin þemu á hverju ári sem geti aukið virkni samstarfsins og gert það marvissara. Þátttakendurnir telja allir að nota megi samstarfið í auknum mæli til að hvetja til umræðna milli mismunandi aðila sveitarfélaganna um ákveðna málaflokka, þá allra helst atvinnu- og byggðamál og menntamál, en einnig stjórnsýslu-, félags- og umhverfismál.

Þegar er leitað svara við því hver sýn fulltrúanna sé á framtíð samstarfsins vilja flestir að núverandi samningar við sveitarfélög á Norðurlöndum verði styrktir með útvíkkun og eflingu fyrri samstarfssamninga. Athygli vekur að aðeins nokkuð færri vilja efla núverandi samninga við sveitarfélög utan Norðurlanda, sem hafa verið verulega óvirkir fram að þessu. Þá vekur sérstaka athygli hversu margir vilja að vinabæjastarfið verði í auknum mæli nýtt til þróunarverkefna, eða nokkuð fleiri en vilja að samningarnir utan Norðurlanda verði styrktir.

#### **3.4. Viðhorf norrænna samstarfsaðila Norðurþings**

Fulltrúar Norðurþings eiga í langmestum samskiptum við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem tilheyra vinabæjakeðju Álaborgar. Þótt að undirstöður vinabæjasambandsins megi rekja til Álaborgar og Riihimäki hefur umfang samskipta milli þessara aðila breyst þónokkuð og á síðustu árum hefur Norðurþing átt í mestum samskiptum við Karlskoga. Minnstu samskiptin virðast nú vera við Riihimäki og hafa þau staðnað að hluta, þar sem mestu tengslin milli sveitarfélaganna virðast eiga sér stað í gegnum samstarfsaðila þeirra. Vegna þess hversu takmarkað fjármagn fer til málaflokksins hjá

sveitarfélögunum gefur auga leið að forgangsröðun er einkennandi, þar sem ekki er hægt að veita öllum sveitarfélögunum jafna athygli.

Flestir þátttakendanna telja miklan akkur vera í samstarfi þeirra við Álaborg. Þeir líta á þá borg sem eins konar leiðandi afl í keðjunni og sig sem fylgjendur mun frekar en gerendur. Þátttakendurnir líta einnig á Álaborg sem fyrirmynd í sveitarstjórnarmálum og telja sig geta lært mest af henni. Flest þessara sveitarfélaga telja jafnframt að þau eigi frekar frumkvæði að samskiptum við Norðurþing og að Norðurþing njóti meiri ágóða af samskiptum við þau en þau af samskiptum sínum við Norðurþing. Karlskoga er eina undantekningin frá þessu og telur Norðurþing eiga meira frumkvæði að samskiptum, að Karlskoga hafi meiri ágóða af þeim og að samstarfið endurspegli þarfir Karlskoga á góðan hátt.

Athygli vekur hversu aftarlega Norðurþing er af þeim sveitarfélögum sem vinabær þess á Norðurlöndum telja sig eiga í mestum samskiptum við, miðað við að vera í þeirri vinabæjakeðju sem á sér áratuga sögu. Flestir telja Álaborg og Karlskoga vera meðal þeirra erlendu sveitarfélaga sem þau eigi í mestum samskiptum við, en auk þess er fjöldi sveitarfélaga utan Norðurlandanna meðal helstu samstarfsaðila. Þetta er í samræmi við kenningar um að þótt sambandið við núverandi vinabæjakeðju sé sveitarfélögunum mikilvægt, þá hafi stefna þeirra á alþjóðavettvangi breyst og breiðst út til stærra svæðis en áður. Fredrikstad hefur líkasta samsetningu og Norðurþing, þar sem bærinn á í mestum samskiptum við vinabæi sína á Norðurlöndum og horfir til þeirra sem fyrirmynda. Þó ber þess að geta að vinabæjasamskipti eru þess eðlis að miklar sveiflur geta verið í þessum samskiptum milli ára eftir því hvaða verkefnum er unnið að.

Flestir vinabæja Norðurþings hafa mótað sér stefnu í erlendum samskiptum um hver markmið þeirra séu. Í Riihimäki er stefna lögð fyrir á kjörtímabili hvernar sveitarstjórnar um sambönd sveitarfélagsins við erlenda samstarfsaðila. Í Fredrikstad er unnið að slíkri stefnumótun og verður hún rædd í stjórn sveitarfélagsins í september. Þrátt fyrir þessa stefnumótun er misjafnt hvort sveitarfélögin hafi mótað siðareglur vegna samskiptanna, eins og hvaða ferðir skuli heyra undir samskiptin og hvernig haga skuli þeim með tilliti til mismunandi kostnaðarliða. Karlskoga hefur mótað slíkar reglur auk Riihimäki upp að vissu marki.

Flest sveitarfélaganna hafa, ólíkt Norðurþingi, nokkuð skýrt vinnu- og ákvarðanatökuferli vegna samskiptanna, þar sem sérstaklega skipaðir

starfsmenn halda utan um samskiptin. Mjög misjafnt er hvernig kostnaður vegna þessara samskipta er greiddur, en sá kostnaður sem fellur á sveitarfélögin er oftast aðskilinn sérstaklega frá annarri starfsemi. Allir þátttakendur eru sammála um að sjálfboðavinna vegna samstarfsins sé lítil sem engin. Í tengslum við íþróttaleikana í Álaborg hefur íþróttafólk á Húsavík aftur á móti aflað fjár til ferðarinnar að hluta gegn mótframlagi sveitarfélagsins. Í Riihimäki höfðu rúmar 30 þúsund evrur verið lagðar til samstarfsins á ári hverju sem hafa verið skornar niður í 5 þúsund evrur vegna efnahagsástandsins, eða rétt tæpa milljón króna að núvirði. Auk þess er mjög algengt að sótt sé um styrki til verkefna á vegum samstarfsins út fyrir sjóði sveitarfélaganna. Riihimäki hefur til að mynda sótt um styrki til Evrópusambandsins vegna æskulýðsverkefna, Fredrikstad hefur fengið styrki frá Norræna félaginu í Noregi og mörg alþjóðleg verkefni Karlskoga hafa verið fjármögnuð að fullu af SIDA (Sweden International Development Agency). Þetta hefur að einhverju leyti verið gert hjá Norðurþingi, þá einkum í tengslum við Sænska daga og samskipti sveitarfélagsins við Karlskoga. Hefur verið leitað til banka, einkafyrirtækja og opinberra norrænna sjóða með ágætum árangri.

Nánast allir aðilar telja fyrst og fremst nauðsyn á frekari fjárhagslegum stuðningi til að viðhalda sambandinu frekar en félagslegum, líkt og með því að félagasamtök komi að skipulagningu í auknum mæli. Flestir telja að hægt væri að afla aukins fjár úr alþjóðlegum verkefnasjóðum eða frá samtökum sveitarstjórna, hvort sem er innlendum eða erlendum. Hinsvegar nefna flestir að hingað til hafi fyrst og fremst verið leitað í sjóði sveitarfélaganna sjálfra og vinabæja þeirra, að Karlskoga undanskildu þar sem alþjóðlegir verkefnasjóðir hafa skipt meira máli. Enginn þeirra nefnir sjálfstjórnun eða velgerðarsjóði sem mikilvægar fjáröflunarleiðir vegna verkefnanna. Flest sveitarfélaganna hafa nýtt þeirra eigin úrræði til að lágmarka bæði kostnað þeirra sjálfra vegna samstarfsins sem og vinabæjanna. Þetta á til að mynda við hvort opinberar byggingar eru nýttar sem gistiþáttur. Þetta gildir þó aðallega um móttöku stærri hópa. Álaborg hefur þó ein boðið gestum vinabæjanna upp á niðurgreidda þjónustu að öðru leyti, eins og frían aðgang að söfnum, dýragörðum og fleiru. Þá hafa viðskiptaaðilar aðeins verið virkir þátttakendur í vinabæjasamstarfinu hjá Álaborg, aðallega í tengslum við Álaborgarleikana. Ef boðið er upp á kostnaðarhagkvæma valkosti eru þeir kynntir viðkomandi aðilum áður en þeir leggja leið sína til vinabæjarins.

Öll sveitarfélögin hafa átt í í mun meiri samskiptum við Norræna félagið á þeirra starfsvæði vegna vinabæjastarfsins en Norðurþing. Allir þátttakendur eru sammála um að aðkomu Norrænu félaganna mætti auka frekar. Fredrikstad hefur til að mynda átt í mjög reglulegu sambandi við Norræna félagið í Osló og hefur nýverið komið á laggirnar staðbundinni deild félagsins. Því mætti hugsa sér að Norrænu félögin á viðkomandi stöðum gætu orðið mun stærri hluti af samstarfinu í heild en hefur verið og fulltrúar þeirra hugsanlega verið í sambandi um sýn þeirra á samstarfið.

Ef fulltrúar sveitarfélaganna eru spurðir út í hver helsti galli samstarfsins sé, skiptast svörin á milli kostnaðar og of mikillar áherslu á opinberar heimsóknir. Vegna þessara þátta telja þátttakendurnir að ekki hafi tekist að skila ágóða samstarfsins til almennings nema í takmörkuðum mæli. Fulltrúarnir nefna á móti að helstu kostirnir við samstarfið sé fjölbreytni í æskulýðs- og menningarstarfi sveitarfélaganna auk þess sem fulltrúar sveitarfélaganna miðli á milli sín þekkingu og reynslu. Þátttakendurnir telja allir að þeirra sveitarfélög séu nokkuð virk í erlendum samskiptum. Þó má merkja mun á hversu virk þeir telja þau vera eftir stærð viðkomandi sveitarfélaga.

Vinabæjatengsl vinabæja Norðurþings á Norðurlöndum eiga sér öll lengri sögulegar rætur, allt aftur til seinni heimsstyrjaldarinnar. Þau eiga það þó sameiginlegt með Norðurþingi að hafa byrjað sem óformleg tengsl milli mismunandi aðila sem síðar þróuðust í dýpra og viðameira samband. Undirbúningur þessara sambanda hefur því ekki endilega verið meiri vegna upphaflegra tengsla og vals á samstarfsaðilum. Nú til dags felst undirbúningurinn í kynningu á fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga og tengslamyndun.

Afar mismunandi er hvaða atriði þátttakendurnir telja hafa leigð til grundvallar vinabæjasamningum sveitarfélaganna og er ekki að sjá neitt form eða tengingu þar á milli þótt þau séu öll á Norðurlöndum. Á meðan hagkvæmnissjónarmið um pólitísk og félagsleg sambönd og hugsanlegt samstarf á mismunandi sviðum efnahags-, sveitarstjórnar- og félagsmála er talið í forgrunni hjá Norðurþingi eru hefðir, söguleg og menningarleg tengsl talin hafa verið til grundvallar hjá hinum sveitarfélögunum. Sveitarfélögin eiga það þó sameiginlegt að helsta innihald samskiptanna eru opinberar heimsóknir ásamt menningar- og íþróttastarfi.

Svo virðist sem þessi samkomulög séu vel fest í sessi. Fulltrúarnir telja flestir að þau njóti stuðnings allra hagsmunaaðila þar sem formlegur samningur hafi verið gerður og skyldur hvers og eins aðila liggi fyrir. Hinsvegar vanti upp á að samstarfið nái til allra sviða viðkomandi samfélaga og að fulltrúar sveitarfélaganna hafi samráð sín á milli um verkefni og athafnir. Mismunandi er eftir samningum hvort sveitarfélögin telji sig stefna að markmiðum í samstarfi við vinabæi sína, en Riihimäki hefur stefnt að því að hvetja borgara í auknum mæli til að hafa þeirra eigin frumkvæði að tengslamyndun við hópa vinabæja þess og draga þannig úr miðstýringu.

Fjármögnunarleiðir og efnahagsleg staða sveitarfélaganna eru ráðandi þættir á stöðu og þróun vinabæjasamskiptanna. Fólksfjöldi, þéttleiki byggðar, pólitísk hugmyndafræði og þarfir íbúanna eru taldir hafa mun minni áhrif, nema í tilliti Norðurþings þar sem fólksfjöldi er meðal helstu áhrifaþátta. Athygli vekur að þegar fulltrúarnir eru spurðir hverjir séu helstu þátttakendur vinabæjastarfsins eru í öllum tilvikum kjörnir fulltrúar og embættismenn ofar á listanum en samfélagshópar. Næst koma grunnskólakrakkar og unglingar, nema í tilfalli Karlskoga þar sem viðskipta- og markaðsaðilar eru taldir eiga stærri hlut. Þá er einnig farið að bera í auknum mæli á þátttöku eldri borgara í samstarfinu hjá einstaka aðilum. Flestir þátttakendur eru sammála þeirri fullyrðingu að vinabæjasamskiptin hafi í auknum mæli verið nýtt til starfsþjálfunar og styrkja sum þeirra starfsmenn til þátttöku í slíkum verkefnum, einkum á sviði menningar-, félags- og menntamála. Þátttakendurnir telja að frekari þróun í þessa átt yrði til hagsbóta.

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu stóran hlut ríkisstofnanir, félagasamtök, einkaaðilar, menntastofnanir, samtök sveitarfélaga eða Norræna félagið höfðu í samstarfinu töldu þátttakendur minna alþjóðlega virku sveitarfélaganna að enginn þessara aðila hefði áhrif svo telja mætti. Hjá Karlskoga eru ríkisstofnanir, menntastofnanir og samtök sveitarstjórna taldar eiga frekar mikinn þátt í samstarfinu og ríkisstofnanir, félagasamtök, einkaaðilar og menntastofnanir mikinn þátt í samstarfi Álaborgar. Auk þess var þáttur menntastofnana talinn frekar mikill hjá Riihimäki.

Allir þátttakendur telja að vinabæjastarfið megi nota í auknum mæli til að ýta undir umræðu milli mismunandi aðila sveitarfélaganna eða deila þekkingu í ákveðnum málaflokkum. Þó er misjafnt hvaða málaflokka fulltrúarnir leggja mesta áherslu á að verði teknir til skoðunar, þótt

menntamál eigi upp á pallborðið hjá flestum auk umhverfis- og stjórnsýslumála. Málefni á borð við atvinnu- og byggðarmál, samgöngu-, efnahags- og utanríkismál njóta mun minni hylli. Mjög sambærilegar áherslur má sjá þegar fulltrúarnir eru spurðir hvar þeirra eigin sveitarfélög geti lagt mest að mörkum til umræðunnar. Í stjórnsýslumálum sjá fulltrúarnir einna helst fyrir sér samvinnu um hvernig bæta megi upplýsingagjöf og tækniþekkingu sveitarfélaganna og auka skilvirkni stjórnsýslunnar.

Þegar þátttakendur eru spurðir hvers eðlis samstarf þeirra við erlend sveitarfélög sé telja fæstir það ná til lengri tíma heldur beinist það frekar að verkefnum til skamms tíma sem hafi sinn upphaf og endi og sé ætlað að bæta þekkingu og hæfni þátttakenda. Flestir þeirra eru afar jákvæðir gagnvart áhrifum slíks samstarfs á mismunandi samfélagsþætti. Það styrki skilning og umburðarlyndi gagnvart annarri menningu og þjóðum og auki þátttöku ungs fólks og hæfni þess í daglegu lífi. Þrátt fyrir þetta er almennt ekki talið að samstarfið efli borgaralega þátttöku í samfélagslegum málefnum og umburðarlyndi mismunandi hópa þess í garð hvers annars. Flestir telja að vinabæjastarfið hafi jákvæð áhrif á stjórnsýslu sveitarfélaganna með því að hjálpa fulltrúum þeirra að takast á við vandamál sem þau eiga við að stríða og efla þekkingu og skilning á alþjóðlegum eða evrópskum málefnum. Þrátt fyrir þetta er ekki talið að vinabæjastarfið hafi hjálpað sveitarfélögunum sérstaklega að takast á við alþjóðleg vandamál, eins og umhverfisvernd. Flestir samstarfsaðila Norðurlöndum telja vinabæjastarfið hafa haft jákvæð áhrif á almenna velferð samfélaga með því að bæta stefnumótun sveitarstjórna, þekkingu og úrlausn félagslegra málefna og kennslu með því að gefa nemendum kost á annars konar reynslu. Áhrif samstarfsins á efnahagslega þróun sveitarfélaganna eru talin vera óveruleg.

Tölvupóstur, sími og bréfaskipti eru lang algengustu samskiptaleiðirnar í vinabæjastarfi viðkomandi sveitarfélaga og fjarfundabúnaður, fundir í eigin persónu eða vefspjallforrit aðeins notuð í verulega takmörkuðum mæli. Helstu samskiptaleiðir eru því allar tvíhliða þrátt fyrir að samningurinn sé marghliða, vegna þess að engir sameiginlegir fundir fara fram með gestasveitarfélögunum áður en ráðist er í skipulagningu einhverra viðburða. Upplýsingatækni hefur jafnframt ekki verið notuð til að hvetja til sameiginlegrar umræðu milli samfélagshópa vinabæjanna. Hinsvegar er vilji af hálfu allra aðila til að nýta þá möguleika betur, eins og með því að tengja vinabæjastarfið við námskeið í viðkomandi

skólum þar sem skólakrakkar geta skipst á skoðunum sín á milli um tiltekin málefni. Einn skóli í Fredrikstad hefur til að mynda verið í slíku samstarfi við danskan og austurrískan skóla og er verkefnið fjármagnað af Evrópusambandinu.

Almennt eru þátttakendur sammála um að vinabæjastarfið sé illa kynnt fyrir almennum borgurum og þeir illa upplýstir um möguleika þess. Sveitarfélögin hafa heldur ekki mótað sér verklagsreglur um hvernig skuli kynna samstarfið fyrir íbúum og upplýsingagjöf til almennings er oft og tíðum mjög ómarkviss, þar sem íbúar þurfa að leita upplýsinga til sveitarfélagsins en ekki öfugt. Helst er vinabæjastarfið kynnt á vefsíðum og með fréttabréfum.

Eftirfylgni samstarfsins og samráð við íbúa virðist einnig vera verulegum takmörkunum háð í flestum tilfellum. Sveitarfélögin hafa takmarkað samráð við hlutaðeigandi um framkvæmd samstarfsins og endurskoða ekki þau verkefni sem hefur verið ráðist í til að bæta verkferla. Hinsvegar er haft samráð við helstu stofnanir innan sveitarfélaganna um verkefni og kjörnir fulltrúar hafa almennt yfirsýn yfir hvernig fjármagni er varið til samstarfsins og árangur þeirra verkefna sem unnin eru.

Mismunandi er hvernig fulltrúar sveitarfélaganna sjá framtíð vinabæjastarfsins fyrir sér. Virkustu sveitarfélögin á alþjóðlegum vettvangi leggja áherslu á að styrkja tengsl þeirra við sveitarfélög utan Norðurlandanna og telja ekki þörf á því að styrkja tengslin frekar við samstarfsaðila sína á Norðurlöndum. Þetta er ólíkt þeim sem hafa frekar verið þátttakendur en gerendur í alþjóðlegu samstarf. Þau telja fyrst og fremst þörf á því að styrkja samböndin innan Norðurlanda, þótt þau vilji einnig efla tengslin við sveitarfélög utan Norðurlandanna. Aðeins Fredrikstad hefur hug á að leita að nýjum samstarfsaðilum. Þá vekur einnig athygli að hvert einasta sveitarfélag, að Álaborg undanskilinni, hefur áhuga á að nýta vinabæjastarfið frekar til þróunarverkefna og gætu hugsað sér að opna fyrir aðgengi norrænna samstarfsaðila að vinabæjastarfi þeirra utan Norðurlanda hefðu þeir áhuga á, svo lengi sem þau myndu borga þann auka kostnað sem yrði af þeirri framkvæmd.

### 3.5. Tvíhliða sambönd Norðurþings

Þrátt fyrir að samband Húsavíkur við Eastport hafi staðnað með falli Aldins eru stjórnendur Eastport mjög áhugasamir um að endurvekja tengslin, sérstaklega með tilliti til viðskiptasjónarmiða. Ólíkt Norðurþingi, er stór hluti vinabæjastarfs Eastport í formi sjálfboðavinnu þótt leitað hafi verið í sjóði sveitarfélagsins vegna starfseminnar. Að undanskildum efnahagslegum sjónarmiðum svipar áherslum Eastport mjög til þeirra sem eru í vinabæjakeðju Álaborgar. Helstu kostir samstarfsins eru taldir vera fólgnir í félagslegum, efnahagslegum ávinningi og menntun á meðan kostnaður er helsti gallinn. Engu að síður hefur borgaraleg þátttaka verið afar takmörkuð og áhersla verið á kjörna fulltrúa og viðskiptaaðila. Grundvöllur vinabæjastarfsins er rakinn til efnahagslegra hagsmuna og pólitískra og félagslegra tengsla.

Eastport tekur vel í hugmyndir um að vinabæjastarfið verði notað til að hvetja til umræðna um einhverja ákveðna málaflokka og að sveitarfélögin deili með sér þekkingu. Helst er þar horft til efnahags-, mennta- og stjórnsýslumála. Þó ber að geta þess að sveitarfélagið á einnig ýmislegt sameiginlegt með Norðurþingi í hafnarmálum og eru fiskveiðar ofarlega á baugi meðal þeirra málefna sem Eastport leggur áherslu á. Talið er að sambandið við Norðurþing endurspegli ágætlega þarfir Eastport, en talsvert vanti upp á framkvæmdina. Almennu telur Eastport vinabæjasamstarf geta verið mjög gagnlegt og geti þróast í mjög náið samband. Áhugi er fyrir því að nýta upplýsingatækni frekar til að styrkja tengsl sveitarfélaganna. Hinsvegar hefur efnahagsástandið sett sitt strik í reikninginn hjá Eastport í þessum málaflokki þar sem hann hefur orðið útundan.

Ekki fengust svör frá fulltrúum Godhavn og Fuglafjarðar við listanum þrátt fyrir viljrði þar um. Sumarfrí starfsmanna settu þar strik í reikninginn. Þó má álykta ýmislegt um samband Norðurþings við þessi sveitarfélög af fyrrgreindum samningum og gögnum sem til eru um sambönd sveitarfélaganna.

Samband Húsavíkur við Godhavn hefur verið gott sem ekkert í um tíu ár og hefur nánast dáíð út þótt samstarfssamningur þeirra frá árinu 1998 sé enn í gildi. Einn helsti ókosturinn við samband Húsavíkur við Godhavn virðast vera erfiðar samgöngur við staðinn sem geta einnig verið erfiður biti fyrir fámenn sveitarfélög að kyngja fjárhagslega. Af þeim bréfaskriftum að

dæma sem hafa verið milli sveitarfélaganna virðist einnig sem fulltrúar Godhavn hafi einna helst reynt að hafa samband við Húsavík vegna annarra erindagjörða þeirra á Íslandi. Samskiptin hafa einskorðast við opinbera fulltrúa og er óhætt að segja að engin þeirra markmiða sem sveitarfélögin gerðu sín á milli hafi náðst.

Helsti möguleiki vinabæjasambands Norðurþings við Fuglafjörð er fólgin í velvilja fulltrúa beggja sveitarfélaganna til samstarfs á hinum ýmsu sviðum. Þau málefni sem sveitarfélögin eiga við á degi hverjum eru keimlík og fulltrúar þeirra telja sig geta lært hver af öðrum, eins og í skólamálum. Þá eru sveitarfélögin bæði með mikla hafnarstarfsemi og margt bendir til þess að umsvif ferðaþjónustu fari vaxandi í Fuglafirði, sem Norðurþing hefur mikla reynslu af. Auk þess er menningarleg og söguleg tenging milli Íslands og Færeyja, sem er mikill styrkur fyrir samstarfið, og fjarlægðir stuttar. Helsti gallinn er hinsvegar fólgin í tvíhliða sambandi sveitarfélaganna og fámenni þeirra. Vegna þess getur kostnaður við sambandið orðið mikill á hvern aðila og sambandið hugsanlega orðið útundan í forgangs röðun í sambandi Norðurþings við önnur sveitarfélög á Norðurlöndum. Vegna þessa er nauðsynlegt að einhver rammi verði settur utan um framkvæmd samstarfsins og eftirfylgni ef það á að endast til lengri tíma.

#### 4. FRAMVINDA VINABÆJASAMSTARFSINS

Möguleikar Norðurþings í vinabæjastarfi eru án efa fólgnir í þeirri vinabæjakeðju sem sveitarfélagið hefur verið hluti af um áratuga skeið. Eins og komið hefur fram eru hagsmunaaðilar þó ekki fullsáttir við sambandið þótt þar megi benda á margvíslega jákvæða þætti. Helst virðist skorta á að unnið sé markvisst að markmiðum samninganna. Auk þess hefur samstarfssamningum vinabæja Norðurþings fjölgað verulega og áherslur þeirra dreifst þar sem kostnaður fylgir að viðhalda hverjum og einum samningi, en framlög til alþjóðlegs samstarfs hafa ekki endilega aukist í samræmi við þá þróun. Breyttir tímar hafa einnig orðið til þess að samstarfsaðilar Norðurþings horfa í mörgum tilfellum frekar til samstarfs þeirra við sveitarfélög utan Norðurlanda. Þrátt fyrir að langur tími sé liðinn frá undirritun fyrstu samstarfssamninganna hefur fátt breyst milli þeirra í framkvæmd samstarfsins, þar sem verulega skortir upp á samráð, eftirfylgni og upplýsingagjöf. Í stað þess að vinabæjasamstarfið sé marghliða eins og samningarnir gefa til kynna, er sambandið milli sveitarfélaganna að lang mestu leyti tvíhliða eins og áður hefur verið greint frá.

Hætta er á að norræna samstarfið veikist og staðni ef ekki verður greitt úr fyrrgreindum vandamálum. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli nú á tímum þegar framlög til þessa málaflokks eru líkleg til að verða fyrir niðurskurðarhnífnum vegna fjármálakreppunnar. Merki þessa má nú þegar sjá í framlögum Riihimäki til vinabæjasamstarfsins þar sem framlög hafa verið skorin niður úr 30 þúsund evrum á ári í 5 þúsund evrur. Þetta gerir sveitarfélagunum mun erfiðara fyrir um að starfrækja núverandi samninga með fullnægjandi hætti og neyðir þau til að forgangsraða verkefnum.

Framlög Norðurþings og forvera þess hafa alla jafnan verið óveruleg til vinabæjastarfsins, nema þá einna helst ef sveitarfélagið sjálft hefur verið í forsvari fyrir einhverjum viðburðum á vegum samstarfsins. Kostir samstarfsins eru margvíslegir og hafa verið reifaðir hér í skýrslunni. Fulltrúum sveitarfélagsins gefst kostur á að víkka sjóndeildarhringinn með því að kynnast starfsháttum annarra. Auk þess hefur starfið verið verið ágætt innlegg í æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarf sveitarfélagsins. Vandinn er aftur á móti sá að undanfarin ár hefur það orðið að aukabúgrein hjá sveitarfélaginu auk þess sem einhæfni gætir í áherslum og fjármögnun. Samstarfið hefur jafnframt ekki gengið í takt við tímann með því að nýta þá möguleika sem upplýsingatækni býður upp á, eins og með því að tengja

samstarfið við skólustarf eða til þess að auka samráð milli norrænna samstarfsaðila um hugsanleg verkefni.

Norðurþing þyrfti að móta stefnu um til hvers er ætlast með erlendum samskiptum, hvernig framkvæmd þeirra skuli hagað og hverjar áherslurnar skuli vera. Jafnframt þyrfti að móta siðareglur um hverjir þátttakendur samstarfsins skuli vera og þá sérstaklega hvaða reglur gildi um þátttöku kjörinna fulltrúa og embættismanna, eins og hvað varðar kostnað. Hægt væri að horfa til stjórnsýslunnar í Riihimäki sem fyrirmyndar í þessum efnum, þar sem hver og ein sveitarstjórn setur fram sína stefnu í erlendum samskiptum.

Nauðsynlegt er að draga úr miðstýringu sveitarfélagsins á samskiptunum. Með því að færa ákvarðanatöku og skipulagningu yfir til félagasamtaka og undirstofnana er ekki aðeins dregið úr vinnuálagi á starfsmenn sveitarfélagsins heldur er einnig borgaraleg þátttaka í samstarfinu hugsanlega aukin, þar sem áhrif íbúa á starfsemina myndu aukast. Þetta myndi jafnframt opna fyrir möguleika á að leitað yrði annarra fjármögnunarleiða en í sjóði sveitarfélagsins sjálfs. Auk þess að miða við það fjármagn sem samstarfinu er úthlutað á fjárhagsáætlun, gæfist því helstu hagsmunaaðilum kostur á að afla aukins fjár til einhverra sérverkefna sem þeir telja að gætu verið hluti af samstarfinu. Hugmyndavinna gæti verið færð nær borgurum þar sem þeim gæfist kostur á að sækja um styrki til umsjónaraðila vegna einhverra verkefna sem tengdust starfinu, eins og í gegnum starfsemi félags eldri borgara eða tónlistarhópa.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að sveitarfélagið búi til ramma um hvaða aðilar komi að samstarfinu. Helst ber að leita til hlutlauss aðila sem geti miðlað málum milli hinna mismunandi hagsmunasamtaka á félagssvæðinu. Vegna eðlis samstarfssamninganna verður Norræna félagið þó að teljast lykilaðili í þeirri vinnu. Hugsanlega þyrfti að athuga hvort skynsamlegt væri að einhver starfsmaður ynni sérstaklega að þessum málefnum í hlutastarfi til að byrja með, þannig að verkefnin yrðu alfarið utan verksviðs menningar- og fræðslufulltrúa. Þetta myndi einnig hámarka möguleika samstarfsins þar sem aukinn tími gæfist til fjáröflunar, skipulagningar og kynningar. Vegna þess hversu mikilvægur þáttur Norræna félagsins getur verið þyrfti fyrsta verk að miðast að því hvernig hægt sé að endurreisa starfsemi þess á Húsavík og gera það að virkum samráðsaðila í vinabæjastarfinu.

Eftirfylgni samstarfsins er best tryggð með reglulegu viðhaldi þess. Ef samstarfsaðilarnir funda ekki reglulega sín á milli um hugsanleg verkefni og aðgerðir liggur beinast við að útkoman verði ómarkviss og stefnulaus. Ef forsvarsmenn vinabæjatengsla hvers sveitarfélags myndu funda árlega eða á hálfis árs fresti um þeirra hugmyndir um samstarfið myndi hagkvæmni þess og árangur aukast til muna í stað þess að hvert og eitt sveitarfélag vinni að sínum málum í eigin horni. Þessir aðilar þyrftu ekki endilega að hittast í eigin persónu heldur væri hægt að notast við upplýsingatækni til að lágmarka kostnað. Með þessum hætti væri hægt að tengja samstarfið frekar við tiltekin þemu sem myndu ná til einhverra tímabila. Þar væri jafnvel hægt að hugsa sér að hver þessara fimm samstarfsaðila tæki að sér á fimm ára fresti ráðstefnu eða annað samstarfsverkefni tengdu vinabæjastarfinu. Þessi breyting gæfi öllum samstarfsaðilum kost á að setjast saman að teikniborðinu og vinna saman að þeim málefnum sem þeir hefðu áhuga á á hverju tímabili. Eins og kom fram í rannsókninni, er vilji hjá öllum aðilum til að nýta samningana í auknum mæli með þessum hætti. Þá gæti það gert samstarfið enn markvissara ef samningarnir yrðu bundnir til einhverra ára í stað þess að vera tímalausir eins og þeir hafa verið. Þá yrðu samstarfsaðilarnir bundnir til að vinna að fyrirfram ákveðnum markmiðum, sem þeir gætu svo endurskoðað á einhverra ára fresti. Þannig gætu þeir ávallt sett sér ný markmið og tryggt að samstarfinu sé viðhaldið. Grunnforsenda farsæls samstarfs er að báðir aðilar hafi hag af því og að hann sé eins mikill og kostur er á. Því ætti einhver undankomuleið að vera til staðar sem jafnframt þrýstir á virkni samstarfsaðilanna.

Til að tryggja eftirfylgni samstarfsins enn frekar þyrfti sveitarfélagið að móta sér stefnu um hvernig kynna skuli samstarfið fyrir almennum borgurum. Stjórnendur sveitarfélagsins ættu einnig að vera upplýstir um framkvæmd samstarfsins. Setja þyrfti verklagsreglur um að hver og einn hópur sem tekur þátt í samstarfinu skili af sér stuttu yfirliti eftir á um hans upplifun. Sveitarfélagið þyrfti einnig að vera í virku samstarfi við staðbunda fjölmiðla um að kynna þau verkefni sem vel heppnast. Þetta myndi auka gagnsæi og upplýsingu samstarfsins til muna. Þá mætti einnig hugsa sér smávægileg ímyndarverkefni til að vekja athygli á samstarfinu innan bæjarins. Sum bæjarfélög hafa til að mynda sett upp skilti þar sem er vísað til vinabæja þeirra og sagt til um vegalengdir til þeirra. Þá er mjög mikilvægt að upplýsingar um hvað felist í samstarfinu og hvaða hag íbúarnir hafi af því séu aðgengilegar.

Kostnaður var talinn vera meðal helstu vandamála vinabæjasamstarfs meðal þátttakenda. Aftur á móti eru ýmsar leiðir færar til að nýta vinabæjastarfið á kostnaðarhagkvæman hátt og ná samt sem áður fram efnisatriðum samstarfssamninga sveitarfélaganna. Þegar samstarfssamningurinn frá árinu 1997 var undirritaður var notkun upplýsingatækni skammt á veg komin og internetið nánast óþekkt. Því var einkum talið að til þess að ná fram markmiðum þeirra um aukið umburðarlyndi og skilning þyrfti það að hittast í eigin persónu. Vegna alþjóðavæðingar hafa þessi landamæri milli ríkjanna aftur á móti rofnað að stórum hluta og tími og rúm runnið saman í almennum samskiptum. Samstarfsaðilarnir hafa ekki nýtt sér þessar breytingar í neinum mæli. Tengja mætti samstarfið í auknum mæli við skóla eða aðra samfélagshópa. Þetta mætti til að mynda hugsa sér sem góða viðbót við tungumálanámskeið eða önnur námskeið sem hafa einhverja tengingu við Norðurlönd. Þar gæfist nemendum kostur á annars konar reynslu og skoðanaskiptum við samnemendur sína á Norðurlöndum. Þessi valmöguleiki er aðeins einn af fáum þar sem nýta mætti vinabæjastarfið í auknum mæli sem tengingu við fyrri starfsemi sveitarfélaganna. Þennan valmöguleika mætti einnig nýta til einhvers konar þróunarverkefna sem allir aðilar sína mikinn áhuga á.

Loks ber að geta stöðu annarra þingeyskra sveitarfélaga en Norðurlands hvað þennan málaflokk varðar. Með vísun til þess hversu mikilvæg stærðarhagkvæmni er í vinabæjastarfi verður að teljast ólíklegt að þau gætu haldið uppi virku samstarfi án einhvers konar aðstoðar þótt áhugi virðist vera fyrir hendi á slíku samstarfi hjá sumum þeirra. Ef þau yrðu hluti af vinabæjasamstarfi Norðurlands gætu þau nýtt sér ýmsa þeirra möguleika sem vinabæjastarfið býður upp á án þess að þurfa að standa straum af almennum kostnaði vegna umgjörðar samninganna þótt þau myndu taka á sig þann auka kostnað sem yrði vegna þátttöku þeirra. Því er ekkert til fyrirstöðu að nágrannasveitarfélög Norðurlands nýti sér jafnframt þá möguleika í upplýsingatækni sem minnst var á hér á undan, með tengingu við undirhópa sveitarfélagsins. Þau gætu þá nýtt styrkleika sína í sameiginlegri umræðu og umfjöllun en notið leiðsagnar frá samstarfsaðilum Norðurlands um þá málaflokka sem áhugi er á. Þetta myndi einnig auka stærðarhagkvæmni vinabæjastarfs Norðurlands þar sem þátttakendum myndi fjölga. Þessa sömu hugsjón þyrfti að athuga í því sambandi sem vinabæirnir eiga milli sín, en vilji er hjá þeim að hleypa hverjum öðrum að

þeim verkefnum sem unnin eru utan Norðurlanda. Þetta gæti gefið smærri sveitarfélögunum kost á öðruvísi verkefnum í ríkjum fjærri byggðarlögunum.

Tvíhliða samstarfssamningar Norðurþings hafa í raun og veru aldrei náð neinni festu svo telja megi. Hinsvegar er alls óvíst hvaða möguleika samningurinn við Fuglafjörð hefur sem nýlega var undirritaður. Þó verður að teljast ólíklegt að sambandið hafi þann styrkleika, einkum fjárhagslegan, sem þarf til að skapa umgjörð um farsælt samstarf til lengri tíma. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli vegna þess hversu fámenn bæði sveitarfélögin eru. Aftur á móti er óþarfi að afskrifa þessi sambönd, sérstaklega ef dregið yrði úr miðstýringu Norðurþings þar sem aukin áhersla yrði lögð á aðkomu íbúa að hugmyndavinnu sambandsins og það opnað fyrir nágrannasveitarfélögum Norðurþings. Þannig væri hægt að afla fjár til verkefna sem tengjast einhverjum þessara þriggja sveitarfélaga ef vilji er fyrir hendi. Til að mynda væri hægt að hugsa sér samstarf milli Langanesbyggðar og Eastport eða Fuglafjörð í sjávarútvegsmálum. Þetta gæfi einnig kost á því að ráðast í sérverkefni í Godhavn með einhvers konar fjáröflun, eins og í gegnum Vestnorræna ráðið. Þá þarf enn og aftur að huga að því hvernig upplýsingatækni getur nýst til að viðhalda þessum samböndum. Sá möguleiki gæfi einnig kost á því að glæða stöðnuð sambönd nýju lífi, eins og við Godhavn þar sem notkun upplýsingatækni hefur aukist verulega á undanförunum árum. Þar mætti einnig hugsa sér samstarf milli skóla sveitarfélaganna.

Tillögur til úrbóta vinabæjastarfsins eru því í grófum dráttum eftirfarandi:

- Norðurþing móti stefnu um erlend samskipti og siðareglur um framkvæmd þeirra.
- Samningarnir verði tímabundnir til einhverra ára.
- Dregið verði úr miðstýringu í vinabæjastarfi Norðurþings og aukið samráð haft við mismunandi hópa samfélagsins.
- Hafist verði handa við endurreisn Norræna félagsins á Húsavík.
- Norðurþing verði í reglulegu sameiginlegu samráði við samstarfsaðila sína um hugsanleg verkefni og aðgerðir.
- Eftirfylgni samstarfsins verði tryggð með markvissri kynningu á samstarfinu fyrir íbúum og helstu hagsmunaaðilum.

- Kostnaðarhagkvæmar úrlausnir verði nýttar í auknum mæli, eins og með því að tengja vinabæjastarfið við starfsemi skóla með notkun upplýsingatækni.
- Nágrannasveitarfélögum Norðurþings verði veittur aðgangur að vinabæjastarfinu.
- Tvíhliða samningar Norðurþings eru veikbyggðir, en gætu styrkst ef dregið yrði úr miðstýringu vegna vinabæjastarfsins.

## 5. NIÐURSTÖÐUR

Vinabæjastarfsemi Húsavíkurkaupstaðar og Norðurþings hefur nánast frá upphafi einskorðast við opinberar heimsóknir auk æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarf. Frumkvæði stjórnenda á Húsavík hefur verið takmarkað í vali á samstarfsaðilum, verkefnum og stefnumótun vegna samvinnunnar. Einna helst má leggja söguleg og menningarleg tengsl auk efnahagslegra sjónarmiða til grundvallar samskiptunum. Samstarfið hefur þróast lítið frá upphafi samkomulaganna. Á sama tíma hefur samstarfssamningum vinabæja Norðurþings fjölgað og athygli þeirra dreifst. Auk þess hefur starfsemin verið stefnulaus og ómarkviss vegna þess hversu lítið samráð er milli samstarfsaðila.

Engu að síður eru miklir möguleikar fólgnir í núverandi vinabæjasamstarfi Norðurþings, þá einkum við sveitarfélög á Norðurlöndum í gegnum vinabæjakeðju Álaborgar. Álaborg er að vissu leyti leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og önnur sveitarfélög horfa til hennar sem fyrirmyndar. Þó virðist vera sem norræna samstarfið sé ekki efst á baugi í áherslum samstarfsaðila Norðurþings og er ekki full sátt með sambandið. Helst virðist skorta á að unnið sé markvisst að markmiðum samninganna. Verulega skortir á samráð, eftirfylgni og upplýsingagjöf samstarfsins.

Ljóst er að samstarfsaðilar Norðurþings eru ekki fullsáttir við framkvæmd samstarfsins auk þess sem sömu skoðunar gætir innan sveitarfélagsins sjálfs. Þeir fulltrúar sem fara með alþjóðamál hjá viðkomandi sveitarfélögum telja helstu galla samstarfsins vera kostnað og of mikla áherslu á opinberar heimsóknir. Nokkrar tillögur eru lagðar fram til að gera samstarfið markvissara sem snúa ekki aðeins að Norðurþingi heldur sambandi milli sveitarfélaganna almennt:

*Fyrst verður Norðurþing að móta stefnu um erlend samskipti og síðareglur um framkvæmd þeirra. Í öðru lagi verður að draga úr miðstýringu í vinabæjastarfi Norðurþings og auka samráð við mismunandi hópa samfélagsins. Í þriðja lagi felast tækifæri í endurreisn Norræna félagsins á Húsavík. Í fjórða lagi er lagt til að Norðurþing verði í reglulegu sameiginlegu samráði við samstarfsaðila sína um hugsanleg verkefni og aðgerðir. Í fimmta stað verður að tryggja eftirfylgni samstarfsins með markvissri kynningu og að nýta kostnaðarhagkvæmar lausnir í auknum mæli.*

Önnur þingeysk sveitarfélög hafa ekki kannað möguleikann á vinabæjasamstarfi, aðallega vegna fámennis og fjármagnsskorts. Lagt er til að þessum sveitarfélögum verði veittur aðgangur að vinabæjasamstarfi Norðurlþings. Slíkt muni gefa minni sveitarfélögunum kost á að nýta sér kosti vinabæjastarfs án þess að þurfa að stofna til eigin sambanda og auk þess auka heildarstærðarhagkvæmni.

## 6. HEIMILDASKRÁ

### 6.1. Minnisblöð og bréf sótt í skjalageymslu Norðurþings

Aalborg Kommune, Fredrikstad Kommune, Karlskoga Kommune, Riihimäki Kommune og Húsavík Kommune (1997). *Udtalelse fra venskabsbymøde i Husavik 25. – 28. august 1997.*

Anna Stephensen (1966, 15. júlí). Nr. 374. *Húsavík.*

Bergur Elías Ágústsson, Gunnlaugur Stefánsson, Simonsen, S. S. og Larsen, J. F. (2009, 6. júní). *Vinabýarsáttmáli.*

Bjarni Aðalgeirsson (1981, 25. júní). *Gode venner.*

Bjarni Aðalgeirsson (1983, 22. ágúst). *Borgmester Mikkel Abrahamsen, Godhavn Kommune.*

Björn Friðfinnsson (1969a, 6. mars). *Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkti á fundi sínum í gær að ganga í vinabæjasamband við Aalborg í Danmörku.*

Björn Friðfinnsson (1969b, 23. apríl). *Aalborg byråd Aalborg Danmark.*

Björn Friðfinnsson (1969c, 6. maí). *Ræða til flutnings í Álaborg, 6. maí 1969.*

Einar Njálsson (1995, 22. janúar). *Til menningarmálanefndar: Nokkur orð um vinabæjarsamskipti Húsavíkurkaupstaðar.*

Einar Njálsson (1997, 29. júlí). *Kostnaðaráætlun vegna vinabæjarheimsóknar 25. – 28. ágúst 1997.*

Einar Pálsson (1968, 22. desember). *Húsavík önsker ikke en venskabsbykreds foreløbig.*

Guðmundur Níelsson (2001, 24. apríl). *Ferðir núverandi bæjarfulltrúa erlendis á vegum Húsavíkurkaupstaðar 1998-2000.*

Haukur Harðarson (1975a, 11. desember). *Vinabæjasambönd.*

Haukur Harðarson (1975b, 15. desember). *Íþróttamót ungmenna í Álaborg Danmörku 1. – 8. ágúst 1975.*

Haukur Harðarson (1977, 23. september). *Borgmesteren i Fredrikstad, Norge.*

Jónas Eysteinnsson (1973, 26. janúar). *Herra bæjarstjóri Húsavíkur.*

Jónas Eysteinnsson (1975, 26. nóvember). *Formenn Norræna-félags deilda og bæjar- og sveitastjórar í Borgarnesi, Stykkishólmi, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Vestmannaeyjum, Hvolsvelli og Selfossi.*

Karlskoga stad kommunalborgmästaren (1969, 13. júní). *Bäste Broder Borgmästare I Husavik.*

Keskirokanen, S. og Lahtinen, E. (1999, 29. mars). *Borgmästare Reinhard Reynisson Husavik* (minnisblað sótt í bréfageymslu Norðurþings).

Lehigh, G., Finch, G. A., Newman, P. og Friðrik Sigurðsson (1998, 5. júní). *Sister City Initiative.*

Mølgaard, M. M. og Einar Njálsson (1998, 10. júlí). *Erklæring om venskabsby samarbejde mellem Qeqertarsuup – Grønland og Husavik – Island.*

Ólafur Egilsson (1966, 15. ágúst). *Utanríkisráðuneytið.*

Reinhard Reynisson (2000). *Gestir frá vinabæjum Húsavíkur – Dagskrá.*

Schiøtts-Christensen, A. (1968). *Hr. borgmester Björn Friðfinnsson Húsavík.*

Stadsstyrelsen i Riihimäki (1968, 17. desember). *Till Husavik stad.*

Thøgersen, W. og Hansen, O. P. (1977, 31. maí). *Borgmesteren i Húsavík, Island.*

## 6.2. Bækur, greinar og skýrslur

Baldersheim, H. og Ståhlberg, K. (1999). The Internationalisation of Finnish and Norwegian Local Government. *Nordic Region-Building in a European Perspective*. Í ritstj. Harald Baldersheim og Krister Ståhlberg. Aldershot: Ashgate.

Handley, S. (2006, febrúar). *Take Your Partners: The Local Authority Handbook on International Partnerships*. Lundúnir: Local Government International Bureau.

Jakobsson, A. (e.d.). *Svenska Kommuners Nordiska Vänortssamarbete*. Föreningen Norden: Stokkhólmur. Sótt 10. júní 2009, af <http://www.norden.se/pdf/vanortssamarbete.pdf>

Ole Harald Flåten og Stefán Vilbergsson (e.d.). *Norrænir vinabæir*. Sótt 16. ágúst 2009, af <http://new.norden.is/staticsidur/vinabaeir.htm>

- Riihimäen kaupunki (e.d.). *Vänorter och Samarbetskommuner*. Sótt 19. ágúst 2009, af <http://www.riihimaki.fi/index.asp?id=4FF2459216C94BC685FBFAC7BD5CE219>
- Sister Cities International (e.d.). *History of Sister Cities International*. Sótt 10. júní 2009, af <http://www.sister-cities.org/about/history.cfm>
- United Nations Development Programme (2000). *United Nations Development Programme: The Challenges of Linking*. New York: Management Development and Governance Division/Bureau for Development Policy, United Nations Development Programme. Sótt 10. júní 2009, af <http://mirror.undp.org/magnet/Docs/urban/City%20to%20city%20Linking/c2cfin.htm>
- Villiers, J. C. (2006, 13. júlí). *Achieving the Millenium Development Goals Through City-to-City Partnerships* [Paper Delivered at the 50th Anniversary Conference of Sister Cities International in Washington DC on 13. July 2006]. Sótt 10. júní 2009, af <http://www.sister-cities.org/CONFERENCE/WashingtonDC/JCdeVilliersRemarks.pdf>
- Villiers, J. C. (2009). Success Factors and the City-to-City Partnership Management Process – From Strategy to Alliance Capability. *Habitat International*, 33, bls. 149-156.
- Zelinsky, W. (1991). The Twinning of the World: Sister Cities in Geographic and Historical Perspective. *Annals of the Association of American Geographers*, 81(1), bls. 1-31.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.